



Velkomin til 20 norrænna náttúruverndarsvæða

TILLÖGUR FRÁ NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDinni



Á Norðurlöndum eru þúsundir verndarsvæða, ýmist þjóðgarðar eða önnur náttúruverndarsvæði. Þau eru oftast vernduð til að stuðla að varðveislu lífríkis og jarðminja en einnig til að auðvelda fólki að kynnst áhugaverðri náttúru.

Tilgangurinn með þessu riti er að vekja áhuga fólks á náttúru- og menningarverðmætum sem náttúruverndarsvæði búa yfir. Fjallað er um 20 svæði sem sýna þverskurð norrænnar náttúru en þau eru öll þekktir og vinsælir ferðamannastaðir.

Það er óskandi að rit þetta hvetji ferðapjónustuaðila til að heimsækja þjóðgarða og náttúruverndarsvæði á Norðurlöndunum og að við öll, sem ferðamenn, getum upplifað perlur Norðurlandana.

Velkomin til 20 norrænna náttúruverndarsvæða

Tillögur frá norrænu ráðherranefndinni

DANMÖRK

- **Møns Klint** – Hvítt andlit landsins mót austri
- **Skjern Enge** – Ný fuglaparadís á vesturströnd Jótlands
- **Vadehavet** – Þar sem flatlendið og hafið mætast
- **Det sydfynske Øhav** – Grænar eyjar umkringdar bláu hafi

FINNLAND

- **Skærgårdshavet** – Fjölbreytt landslag og berangurslegir hólmar
- **Linnansaari** – Finniskt vatnalandslag eins og það gerist best
- **Oulanka** – Blómlegt fljótalandslag og stórkostlegt útsýni
- **Pallas-Yllästunturi** – Sögurík fjöll og fornir skógar

ÍSLAND


- **Jökulsárgljúfur** – Tignarleg gljúfur, jökulá, fossar og jarðmyndanir
- **Snæfellsjökull** – Vel þekkt eldfjall og jökull, miklar hraunbreiður, fuglabjörg og menningarminjar
- **Hornstrandir** – Stórbrotið og afskekkt landsvæði, eyðibygðir, gríðarstór fuglabjörg og áhugavert dýralíf
- **Fjallabak** – Litríkt fjallalandslag mótað af eldvirkni og jarðhita, óbyggðir

NOREGUR

- **Folgefonna þjóðgarður** – Frá firði til fannar
- **Geiranger-Herdalen** – Fjarðalandslag á heimsvísu
- **Vegaøyan** – Strandsamfélag á heimsminjaskrá UNESCO
- **Lyngsalpan** – Náttúruverndarsvæði í ríki miðnætursólarinnar

SVÍÐJÓÐ

- **Abisko** – Þjóðgarður síðan árið 1909
- **Bullerön** – Perla skerjagarðsins
- **Store mosse** – Fornt landslag í nútíð
- **Hornborgasjön** – Áhugavert fuglasvæði og menningarlandslag



NORRÆNT SAMSTARF

Norrænt samstarf er eitt elsta og umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Það nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og sjálfstjórnarsvæðanna í Færeyjum, á Grænlandi og á Álandseyjum. Norrænt samstarf eflir samkennd norrænu þjóðanna og tekur mið af því sem er líkt og ólíkt með þeim. Samstarfið auðveldar norrænu ríkjunum að halda fram hlut sínum á alþjóðavettvangi og stuðlar að góðri sambúð grannþjóða.

Samstarfinu var komið í fastan farveg á árinu 1952 þegar *Norðurlandaráð* var stofnað sem samstarfsvettvangur þingmanna og ríkisstjórna. Árið 1962 var Helsinkisamningurinn undirritaður, en hann hefur allar götur síðan verið grundvöllur norræns samstarfs og markað því málefnaleg samstarfssvið. Árið 1971 var *Norræna ráðherranefndin* stofnuð sem formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórna og landsstjórna sjálfstjórnarsvæðanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

ANP 2006:737

© Nordisk Ministerråd, København 2006

ISBN 92-893-1328-5

Prentun: Alfa Print AB

Ritstjóri: Gunnar Zettersten

Þýðing: Tamarind AB

Umbrot: IdeoLuck AB, www.idealuck.se (#50109)

Kápu mynd: Terje Rakke/NordicLife

Upplag: 1500

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með Svaninum, norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á

www.norden.org/order.

Fleiri rit eru á

www.norden.org/publikationer.

Printed in Sweden



UMHVERFISMERKI Prentgripur 341 127

Norræna ráðherranefndin

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18

Store Strandstræde 18

DK-1255 Kaupmannahöfn K

DK-1255 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0200

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3396 0202

Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Efnisyfirlit

Velkomin til 20 norrænna náttúruverndarsvæða	2–3
Efnisyfirlit	4
Formáli	5

DANMÖRK

Møns Klint	6–7
Skjern Enge	8–9
Vadehavet	10–11
Det sydfynske Øhav	12–13

FINNLAND

Þjóðgarðurinn Saaristomeren	14–15
Þjóðgarðurinn Linnansaari	16–17
Þjóðgarðurinn Oulanka	18–19
Þjóðgarðurinn Pallas-Yllästunturi	20–21

ÍSLAND

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum	22–23
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	24–25
Friðland á Hornströndum	26–27
Friðland að Fjallabaki	28–29

NOREGUR

Þjóðgarðurinn Folgefonna	30–31
Geiranger-Herdalen landslagsverndarsvæði á heimsminjaskrá	32–33
Vegaøyan náttúruverndarsvæði á heimsminjaskrá	34–35
Lyngsalpan landslagsverndarsvæði	36–37

SVÍÞJÓÐ

Þjóðgarðurinn Abisko	38–39
Bullerön friðland	40–41
Þjóðgarðurinn Store mosse	42–43
Hornborgasjön friðland	44–45

Náttúruvernd á Norðurlöndum	46–47
-----------------------------	-------

Náttúran er helsta ástæða komu ferðamanna til Norðurlanda

Náttúra Norðurlanda er fjölbreytt. Danmörk laðar að með víðáttumiklu votlendissvæði við Vadehavet, mikilvægum endurheimtum fuglasvæðum, hafinu og löngum ströndum eyjanna sem klæddar eru sandöldum, klettum og sandströndum. Ísbreiður, fjöll og firðir eru meðal þeirra náttúruþyrirbæra sem fá ferðamenn til þess að heimsækja Noreg. Hálandið, eldfjöll, goshverir og önnur jarðfræðileg þyrirbæri draga ferðamenn til Íslands. Í Svíþjóð eru það fjöllin, skógarnir og miklar víðáttur sem ferðamenn vilja upplifa og Finnland er þekkt fyrir þúsundir vatna og hið framandi Lappland.

Náttúran býður upp á margskonar afþreyingarmöguleika, til dæmis fiskveiðar, hundasleðaferðir, kajaksiglingar, fjallgöngur, útreiðar, gönguferðir, hjóltreiar og köfun.

Víða um heim hefur eftirspurn eftir vistvænni ferðaþjónustu aukist mikið og telja má að Norðurlöndin geti notfært sér hana til að efla vinsældir sínar. Líklegt er að eftirspurn eftir ferðum sem byggjast á náttúru- og menningarlegri upplifun muni aukast. Vaxandi áhugi á umhverfisvernd mun einnig hafa mikil áhrif á val ferðamanna á áfangastöðum.

Ritið fjallar um nokkur náttúruverndarsvæði á Norðurlöndum sem þykja áhuga-verðir ferðamannastaðir. Markmiðið er að vekja áhuga fólks á svæðunum og miðla þekkingu um verðmæti þeirra. Í ritinu er að finna upplýsingar um verndarsvæðin, hvar þau eru, hvað einkennir þau, hvernig hægt er að komast að þeim og hvað þau bjóða upp á. Ritið veitir líka upplýsingar um gistingu, matsölustaði og annað í tengslum við viðkomandi svæði. Ferðamenn fá þannig ítarlega lýsingu á því svæði sem þeir hyggjast heimsækja.

Ritið er einnig að finna á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar á www.norden.org. Þangað er hægt að sækja það ókeypis og því má dreifa að vild.

Þeir sem vilja vita meira um norræn náttúruverndarsvæði geta heimsótt eftirfarandi heimasíður:

Danmörk: www.skovognatur.dk

Finnland: www.luontoon.fi og www.utinaturen.fi

Ísland: www.ust.is

Noregur: www.dirnat.no

Svíþjóð: www.naturvardsverket.se

Verkefnishópur um ferðamennsku á vernduðum svæðum á Norðurlöndum

Danmörk: Jens Muff Hansen

Finnland: Annukka Rasinmäki

Ísland: María Harðardóttir

Noregur: Olav Nord-Varhaug

Svíþjóð: Ingvar Bingman, verkefnisstjóri

Gunnar Zettersten, ritari



Møns Klint er þverhniptur krítarklettur sem skagar út mót hafi á austurhluta eyjarinnar Møn á suðaustur Sjálandi.

Hvernig kemstu þangað?

Frá Stege, sem er stærsti bærinn á Møn, er ekið í austurátt í gegnum bæina Keldby, Borre og Magleby. Þaðan liggur vegurinn að bílastæðinu hjá Store Klint. Það eru fleiri bílastæði á svæðinu, meðal annars hjá Jydelejet og Liselund. Aðeins má leggja bílum á merktum bílastæðum (sjá til dæmis bækling frá Skov- og Naturstyrelsen).

Heimilisföng

Ulvshale gestastofa
Ulvshalevej 283
4780 Stege
+45 5581 1853
Landvörður, Møn

Stig Nøhr
Grønssundvej 275
4792 Askeby
+45 5581 7172

Sejlkutteren Discovery
+45 2140 4181
www.sejlkutteren-discovery.dk
Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Møn www.moen-touristbureau.dk

Frekari upplýsingar

Møns Klint og Klintholm
Bæklingur útgefinn af Skov- og Naturstyrelsen
www.sns.dk/Falster/vandrefl/53moenski.htm
www.skovognatur.dk



Stig Bachmann Nielsen/Naturplan

Møns Klint.

Møns Klint – hvítt andlit landsins mót austri

Meðfram austurströnd eyjarinnar Møn speglar krítarkletturinn Møns Klint sig í Eystrasalti, þverhniptur og hvítur. Klettarnir eru þeir hæstu í Danmörku og mynda, ásamt grænum beykiskógi og fjölbreyttum beitolöndum, einstakt náttúruverndarsvæði. Svæðið býður upp á margvíslega möguleika, bæði fyrir ferðamenn og vísindamenn, t.d. jarðfræðinga og grasfræðinga. Um 300.000 manns heimsækja klettana árlega.

Møns Klint teygir sig yfir meira en 7 km af austurströnd eyjarinnar Møn og rísa klettarnir hæst við Dronningestolen eða 128 metra. Klettarnir eru krýndir skógi sem nefnist Klinteskov, eða Klettaskógur, en á mörgum stöðum eru gil og skriður sem ná næstum niður á strönd. Á svæðinu eru víðáttumikil beitolönd, bæði í norðurhluta skógarins á svæði sem nefnist Jydelejet og í Høvblege fyrir sunnan skóginn. Alls er friðaða svæðið um 2.100 hektarar.

Kletturinn: Kalkið í Møns Klint er myndað af kalkleifum örsmárra dýra og plantna sem mynduðu lag á botni hitabeltishafs fyrir um 75 milljónum ára. Á þunnum tinnusteinsfellingum má sjá hvernig ísinn hefur ýtt

krítinni upp. Þeir sem hafa heppnina með sér geta fundið steingervinga í krítarsteininum, meðal annars ígulker, kolkrabba og skelfisk.



Andis Liepap/Naturplan

Förufálki, *Falco peregrinus*, verpir aftur á Møns Klint.



Stig Bachmann Nielsen/Naturplan

Útsýni frá Høvblege yfir Suðaustur-Møn og Eystrasalt.



Stig Bachmann Nielsen/Naturplan

Møns Klint við Store Klint.

Plöntur og dýr: Kalkríkur jarðvegur á svæðinu skapar ágæt skilyrði fyrir ýmsar plöntu- tegundir. Í skóginum og beitolöndunum vaxa nokkrar sjaldgæfustu tegundir brönugrasa í Danmörku, eins og tegundirnar *Anacamptis pyramidalis* og *Orchis purpurea*. Á svæðinu lifir einnig sjaldgæft fiðrildi, doppótt bláfiðrildi, eða *Maculinea arion*, en búsvæðum þess hefur fækkað mjög og eru beitolöndin við Møns Klint eitt af fáum sem eftir eru. Fiðrildið lifir í sendnum beitolöndum og verpir eggjum sínum á hlýjum, opnum svæðum þar sem plöntur eins og blóðberg og kryddmæra vaxa. Fiðrildið var í útrýmingarhættu vegna óræktar en markvissar aðgerðir hafa bjargað því og sjaldgæfum plöntum á svæðinu. Stærsti hluti klettanna er ófær gangandi fólki en þar finnst förufálkanum *Falco peregrinus* tilvalið að verpa. Förufálkinn hvarf af svæðinu vegna eggjatínslu árið 1970 en birtist aftur árið 2001 og hefur verið varpflugl á svæðinu síðan. Møns Klint er ennþá eini varpstaður förufálka í Danmörku.

Klettaskógurinn: Kalkríkur jarðvegur gerir það að verkum að beykiskógurinn vex hægt og lauf trjáanna eru ljósgræn allt sumarið. Hluti skógarins er „villtur skógur“, sem fær að þróast eftir eigin lögmálum og í honum lifir fjöldi dýra- og plöntutegunda.

Jydelejet og Høvblege: Jydelejet er opið beiti- land sem sker sig inn í landslagið fyrir ofan klettana. Þar eru trjárjódur og einiber ásamt næringarsnaudu graslendi. Svæðinu er viðhaldið með nautgripabeit og með því að fjarlægja tré og runna sem þykja óæskileg. Fyrir sunnan Klinteskov er annað beiti-land sem nefnist Høvblege, viðáttu- mikil og hæðótt. Margir göngustígar liggja í gegnum svæðið en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir suðausturhluta eyjarinnar Møn og Eystrasalt.

Liselund: Í norðurhluta skógarins er rómantiskur garður sem nefnist Liselund. Hann er einstakt dæmi um garða- og byggingalist frá seinni hluta 18. aldar. Í garðinum er lítil höll með hálmþaki.

Útivist: Hægt er að ganga meðfram endilöngum brúnum klettanna. Einnig er hægt að ganga eftir ströndinni, þó á mörgum stöðum geti verið erfitt að komast leiðar sinnar. Stundum er hluta strandarinnar lokað vegna hættu á hruni úr klettaveggi- unum. Á mörgum stöðum eru tröppur sem liggja niður á ströndina. Sjórinn þarna hentar ekki til baðferða vegna þess hve mikið er af steinum og hve sjórinn er straumþungur. Aftur á móti er þar gott að veiða fisk, aðallega sjóurriða. Við Storeklint er leiksvæði fyrir börn. Frá höfninni í Klintholm er hægt að fara með bát út á haf og sjá Møns Klint frá því sjónarhorni. Þar sem fjarlægðir á Møn eru

litlar hentar eyjan vel til hjólreiða.

Gestastofa: Árið 2007 opnar ný jarð- og náttúrufræðimiðstöð við Store Klint á Møns Klint. Þar verða sýningar um klettana, uppruna þeirra og mikilvægi fyrir landslag og náttúru.

Allt árið: Møns Klint er spennandi staður allt árið þó hann sé líklega fallegastur á tímabilinu maí-október þegar skógurinn er í fullum blóma. Þeir sem hafa áhuga á að skoða sjaldgæfar orkídeutegundir ættu að heimsækja svæðið í maí og júní. Á votviðristímabilum á veturna er hættan á hruni meiri en á öðrum árstímum og á ströndinni undir klettunum getur verið erfitt að komast leiðar sinnar.



Stig Bachmann Nielsen/Naturplan

Beitilund við Jydelejet.



GISTING

Á Møn eru tjalldstæði, sumarhús og einkaheimili sem bjóða upp á gistingu og morgunverð. Nálægt Møns Klint er farfuglaheimili eyjarinnar, Møns Vandrehjem. Einnig er hægt að gista á krám og í Liselund Ny Slot rétt hjá Møns Klint. Í upplýsingamiðstöð ferðamanna á Møn er hægt að fá frekari upplýsingar.



MATUR

Það eru margir spennandi veitingastaðir á Møn, t.d. Præstekilde Hotel í Keldby, Damme Kro í Askeby, sem selur danskan mat og í Liselund Ny Slot er meðal annars hægt að fá lífræna rétti.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Á Ulvshale á norðurhluta Møn er skemmtilegur villtur skógur og heiðar. Í skóginum við tjalldstæðið er þjónustumiðstöðin Ulvshale Naturcenter sem skipuleggur stuttar ferðir og margskonar upp- ákomur um alla Møn. Frá Ulvshale liggur flóðgarður að lítilli eyju sem nefnist Nyord, þar eru engi með miklu fuglalífi og fríðsælt sveitaborp. Í mörgum kirkjum á Møn eru kalkmálverk frá miðöldum, meðal annars í Keldby, Elmelunde og Fanefjord.



Skjern Enge er á Vestur-Jótlandi, meðfram ysta hluta árinna Skjern þar sem hún rennur út í Ringkøbingfjörð.

Hvernig kemstu þangað?

Það er einfalt að komast til Skjern Enge á eigin bíl. Lestir og rútur ganga til Skjern og Tarm. Frá umferðarmiðstöðinni í Tarm gengur rúta, merkt Nr. Nebel, til Lønborg. Þaðan er hægt að ganga eða hjóla til Skjern Enge. Vegir liggja að bílastæðum sem eru stutt frá Skjern Enge.

Heimilisföng

Skjern-Egved Museum
– Vestjylland Økomuseum
Bundsøk mølle
www.skjern-egved-museum.dk

Skjern upplýsingamiðstöð
www.visitvest.dk

Tarm Turistkontor
www.visittarm.dk

Frekari upplýsingar

www.skovognatur.dk

Skjern Enge – ný fuglaparadís á vesturströnd Jótlands

Á 7. áratug síðustu aldar voru miklar framkvæmdir við ána Skjern í Ringkøbingfirði. Óshólmar, mýrar og fen voru þurrkuð upp, samtals um 4000 hektarar. Með þessu hurfu mikilvægir varpstaðir vatnafugla en í staðinn jókst framleiðsla á landbúnaðarvöru. Þessari þróun hefur nú ef til vill verið snúið við í Danmörku. Ný votlendissvæði hafa litið dagsins ljós og áin Skjern liðast aftur um vot engi og blómlega reyrskóga.

Árið 1987 ákvað þjóðþing Dana að endurbæta vatnsrennsli í áni Skjern og endurheimta 2200 hektara votlendi meðfram neðstu 19 kílómetrum árinna. Framkvæmdir hófust árið 1999 með styrk frá Life-verkefni Evrópusambandsins og þeim lauk árið 2002.

Markmiðið var að endurskapa stórt og fjölbreytt náttúrusvæði fyrir villtar tegundir plantna og dýra, bæta umhverfið í Ringkøbingfirði og auka útivistarmöguleika.

Nú, fáum árum síðar, er votlendið komið í fyrra horf og mörg þúsund fuglar hafa sest þar að. Jafnframt er vonast til þess að aðgerðirnar hafi jákvæð áhrif á otur og lax í áni Skjern. Veði í áni er stjórnað og allt svæðið er verndað sem evrópskt náttúruverndarsvæði (Natura 2000).

Náttúruupplifun: Meðfram Skjernáveji, milli Skjern og Lønborg, eru bílastæði sem eru staðsett nánast í flæðarmálinu, fáum metrum frá fuglunum. Margar gæsir, endur, vaðfuglar og goðar verpa í engjunum og mikill fjöldi fugla, meðal annars heiðagæsir *Anser brachyrhynchus* og álfir *Cygnus cygnus*, hafa hér viðdöl á fartíma. Þá er flatnefur *Platalea leucorodia* farinn að verpa í engjunum við Skjern. Þessir yndislegu fuglar vekja öllu jöfnu mikla athygli.

Meningarsaga: Fólk hefur búið í Skjernádalnum frá fornöld. Þar hafa fundist leifar af gröfum og byggingum frá járnöld. Laxveiði og nautgriparækt á engjunum hafa verið mikilvægar atvinnugreinar á svæðinu. Í kringum árið 1100 var konungsjörð fyrir vestan Lønborgkirkju og Lønborggård var upphaflega biskupssetur sem biskupinn í Ribe stofnaði á 15. öld. Mörg vöð voru yfir

Hressandi skautuferð um engin í janúar.





Jens Muff Hansen/Naturplan

Stargoði, *Podiceps nigricollis*, með unga á tjörn við eitt af bílastæðum svæðisins.

ána, meðal annars við Lønborg og Skjern. Ný hengibrú, Kong Hans brú, hefur verið byggð við Skjern, þar sem elsta brúin var yfir ána.

Upplýsingar: Fyrir norðan Vostrup á suðvestanverðu svæðinu er gestastofa Skjern Enge með sýningu um fuglana á engjunum. Í austurhluta náttúruverndarsvæðisins er verið að byggja upp gestastofu árinna Skjern, þar sem meðal annars verður sett upp sýning um sögu hennar og lífríki. Á svæðinu eru mörg upplýsingaskilti um sögu og náttúru dalsins, til dæmis við Pumpestation Nord og bátahöfnina í Skjern.

Aðbúnaður: Á svæðinu eru rúmlega 20 km af göngustígum. Við þá eru 26 bílastæði en svæðið hentar vel til göngu-, hjóla- og hestaferða. Við

Vatnsmikil engin við Skjern eru nú aftur til staðar fyrir framan kirkjuna í Lønborg. Í bakgrunni er Ringkøbing fjörður.

mörg bílastæðanna eru salerni og grillastaða. Víða eru fuglaskoðunarturnar og skýli. Í stærsta turninum við Skjernávej eru aflíðandi brautir fyrir hjólastóla og gesti sem erfitt eiga með gang. Hluti göngustíga og áningastaða eru hannaðir þannig að hreyfihlaðir geta notað þá. Hjá Pumpestation Nord og fyrir austan Borris er frumstæður svefnstaður þar sem hægt er að sofa undir berum himni í miðri hljómkviðu náttúrunnar.

Útivist: Frá 16. júní til febrúarloka er leyflegt að sigla á kanóum frá bænum Borris til Ringkøbingsfjarðar. Svæðið hentar vel til hjólaferða og reiðtúra. Upplýsingar um leigu á reiðhjólum og hestum er hægt að fá hjá upplýsingamiðstöð ferðamanna í Skjern. Í ánni Skjern er mikið af fiski og þar er hægt að veiða ekta

vesturjóska lax, sumir eru allt að 26 kg þungir. Veiðileyfi er meðal annars hægt að kaupa í upplýsingamiðstöðvum ferðamanna í Skjern og Tarm. Veiðitímabilið er frá 16. apríl til 15. september. Á svæðinu er líka góð fuglaveiði.

Aðrir möguleikar: Oxbøl Statskovdistrikt skipuleggur margar ferðir með leiðsögumanni um Skjern Enge, bæði fyrir börn og fullorðna. Í ferðunum er hægt að fá góðar leiðbeiningar við að þekkja vaðfuglana. Það eru margir aðrir möguleikar á að kynnast náttúru og menningarsögu svæðisins. Best er að spyrjast fyrir, til dæmis hjá Oxbøl Statskovdistrikt og Skjern Egvad Museum eða hjá upplýsingamiðstöðvum ferðamanna í Skjern og Tarm.



GISTING

Það eru mörg tjaldstæði við Skjern Enge, meðal annars í bæjunum Skjern og Tarm. Einnig er hægt að leigja sumarhús og íbúðir. Meðal hótela á svæðinu eru Hotel Vestjyden í Skjern, Hotel Smedegården í Lem, Bechs Hotel í Tarm, Skaven Hus og Bundsgård Hotel í Borris. Að auki eru margir staðir sem bjóða upp á mat og morgunverð, sérstaklega í Ringkøbingfirði. Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Skjern og Tarm veita upplýsingar um gístimöguleika. Við Bundsbækmyllu fyrir norðan Skjern er farfuglaheimili sem rekið er af Skjern Egvad Museum.



MATUR

Það eru margir veitingastaðir í Skjern og Tarm, meðal annars pítsustaðir, grillstaðir og veitingahús. Það er þess virði að fara á Fahl Kro í Ringkøbingfirði, sunnan við Bork Havn. Yfir sumartímann er hægt að fá eftirmiðdagskaffi í gömlu veitingastofunni og á fimmtudagskvöldum er hægt að fá hina þekktu kráareggjaköku (borðapantanir í síma +45 7528 0143). Í Skaven Hus við Skavenströnd er veitingahús þar sem glæsilegt útsýni er yfir Ringkøbingfjörð.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Í Skjern er sýning um ána Skjern sem nefnist „Alle tiders Å“. Sýningin fjallar um framræslu og endurheimt árinna. Skjern Egvad Museum samanstendur af 15 menningarsögulegum stöðum við Ringkøbingfjörð, meðal annars járnaldarþorpi við Bundsbækmyllu og víkingasafni við Bork Havn. Staðirnir tengjast með 33 kílómetra löngum reiðhjólástíg sem nefnist Drivvejen. Auk þess er skemmtilegt að fara á ströndina meðfram Holmslands Klit og heimsækja fuglaverndarsvæðið Tipperne á Tipperskaga í Ringkøbingfirði (takmarkaður opnunartími).



Vadehavet er á Suðvestur-Jótlandi við Norðursjóinn.

Hvernig kemstu þangað?

Hjólreiðastígur 1 (Vestkystruten) liggur um Vadehavssvæðið nálægt varnargörðunum. Hægt er að fara á eigin bíl og taka ferjuna til eyjarinnar Fanø eða nota strætisvagna eyjarinnar. Tengingin fyrir bíla og hjól til Rømø er yfir flóðgarðinn. Vadehavsbussen, vagnar sem dregnir eru áfram af dráttarvél, gengur frá Vester Vedsted sem staðsett er skammt sunnan við Ribe til eyjarinnar Mandø.

Heimilisföng

Vadehavsentret
www.vadehavsentret.dk
Gestastofa Tønninggård
Netfang: tonninggaard@romo.dk
Natur & Kulturformidlingscentret
Myrthuegård
www.myrthuegaard.dk
Blåvand gestastofa
www.blaavand-naturcenter.dk
Sort Safari
www.sortsafari.dk
Vadehavets Net Nyt
www.vnn.dk

Upplýsingarmiðstöðvar ferðamanna

Blåvandshuk: www.bte.dk
Esbjerg: www.visitesbjerg.com
Fanø: www.fanoeturistbureau.dk
Ribe: www.ribetourist.dk
Tønder: www.visittonder.dk

Frekari upplýsingar

www.skovognatur.dk

Lars Maltha Reasmussen/Naturplan



Á fartið á hverjum ári koma 10-12 milljónir vaðfugla á Vadehavssvæðið.

Vadehavet – þar sem flatlendið og hafið mætast

Flæðilandið við Vadehavet upplifa margir sem hrjóstrugt og vinalegt í senn. Hvassviðri er algengt á svæðinu og í sterkri vestanátt þarf fólk að vera við öllu búið. Á lygnum og sólríkum sumardögum horfir öðruvísi við.

Flæðilandið breiðir úr sér með vesturströnd Suður-Jótlands og út á móti Norðursjónum. Svæðið einkennist af einstöku votlendi, sandhólum, heiðum og strandengjum. Stærsti hluti þess er friðlýstur sem friðland eða samkvæmt alþjóðlegum verndarákvæðum (Natura 2000).

Vadehavet, þar sem víðáttumiklar leirur myndast á fjöru tvisvar á sólarhring, er stærsta votlendissvæði Danmerkur, um 1.350 km² að flatarmáli. Stórir hópar farfugla hafa viðdvöl á svæðinu á leið sinni milli varp- og vetrarstöðva. Í næringarríkum sjónum eru einnig mikilvæg hrygningarsvæði fyrir margar tegundir fiska sem lifa í Norðursjónum.

Á falletum sumardögum er mikill fjöldi

ferðamanna á hvítu baðströndunum og sandhólum eyjanna. Aðrir ganga um heiðar og plantrekrur eða dveljast í Ribe eða öðrum gömlum bæjum við votlendið.

Gestastofur: Í gestastofum Vadehavets er hægt að fræðast um náttúru, menningarsögu og daglegt líf á svæðinu. Þaðan eru einnig skipulagðar ferðir, meðal annars selaskoðunarferðir, sjóstangaveiði og náttúruskoðunarferðir með áherslu á smádyralíf votlendisins.

Náttúruupplifun: Mælt er með gönguferð með ströndinni á hvaða árstíma sem er í hvaða veðri sem er. Í austanátt berst stund-

um raf á ströndina, en það er steingerð trjákvöða sem notuð er í skartgripi. Víða má upplifa víðáttumikið votlendissvæðið, meðal annars við flóðgarðinn við Rømø þar sem stórir hópar vaðfugla og anda hafa viðdvöl. Síðsumars og á haustin er tilkomumikið að sjá stara safnast saman fyrir nóttina á flæðingjunum við Tønder.

Eyjarnar: Á litlu eyjunni Mandø eru ummerki um búsetu manna fyrir á tímum. Eyjan er varin með háum flóðgördum og tengist meginlandinu með vegi sem aðeins er fær á fjöru. Í stormviðri getur eyjan einangrast í marga daga. Eyjarnar Rømø og Fanø eru fjölsóttari, en þar eru enn stór náttúruleg svæði. Til að komast til eyjarinnar Rømø er farið eftir 10 km löngum flóðgarði, en hægt er að taka ferju frá Esbjerg til eyjarinnar Fanø.

Flóðgáttir: Næstum öllu vatni sem rennur í Vadehavet er stjórnað með flóðgáttum til að gæta öryggis íbúa og ræktarlandsins bak við flóðgarðana. Munurinn á flóði og fjöru getur verið allt að tveir metrar. Í óveðrum getur sjórinn hækkað 5-6 metrum meira en venjulegt er.

Varde Ádal: Áin Varde fyrir norðan Esbjerg er eina vatnsfallið á svæðinu sem rennur óhindrað. Í óveðrum fyllist árfarvegurinn af vatni allt til bæjarins Varde. Áin Varde er mikilvæg á alþjóðavísu og samningar hafa verið gerðir við bændur til að tryggja náttúrulegt jafnvægi hennar.

Sól og strönd: Bestu strendurnar eru á eyjunum Rømø og Fanø og á Skallingen sem er skagi á norðanverðu svæðinu, við vestanverðan Hoflóa, gegnt Vesterhavet. Á nokkrum stöðum er leyfilegt að aka bíl niður á strendurnar en sums staðar eru svæði afgirt og umferð bönnuð til verndar sjaldgæfum



Fólk í hjólréiðatúr um flæðilandið, frá Ribe til Vadehavet. Dómkirkjan í Ribe í bakgrunni.

varpfluglum, eins og dvergþernum og strandlóum. Algengt er að sjá skrautlega flugdreka á lofti. Einnig eru svæði sem henta vel fyrir brimbretti, skútusiglingar og flugdrekaakstur, en þá er flugdreki látinn draga farartæki áfram. Einnig er hægt að leigja hesta, spila golf og tennis.

Bæjarferðir: Bærinn Ribe er elsti kaupstaður Danmerkur en þar eru vel varðveitt hús, þröngar og steinlagðar götur. Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ribe skipuleggur fræðsluferðir um bæinn með leiðsögumanni. Sérstaklega er mælt með göngutúr með vaktmanni að kvöldlagi. Af öðrum bæjum á svæðinu má nefna Løgumkloster, Tønder og stóra hafnarbæinn Esbjerg.

Aðrir möguleikar: Flatt landið hentar vel til hjólaíða. Veiðimönnum má benda á að á vesturluta eyjanna, sérstaklega þar sem straumarnir eru, er gott að beita sandmaðki fyrir flatfisk. Áherslur gestastofanna eru mismunandi eftir árstíðum. Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna við Vadehavet veita einnig upplýsingar um menningartengda viðburði á svæðinu.



Krabbar skoðaðir í ferðalagi um Vadehavet.



Í ferð með Mandøbussen.



GISTING

Við Vadehavet eru mörg tjaldstæði, sumarbústaðir og einkaheimili sem bjóða upp á gistingu og morgunverð. Best er að hafa samband við upplýsingamiðstöðvar ferðamanna til að bóka gistingu. Á svæðinu eru einnig mörg góð hótél og krár þar sem hægt er að gista. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, ýmist í bæjunum eða í dreifbýlinu. Í gamla fangelsinu við dómkirkjuna í Ribe er hægt að gista bak við þungar járn dyr.



MATUR

Í bæjunum eru góðir matsölastaðir, til dæmis kaffihús, veitingahús og hótél. Einnig er hægt að fá mat á sumum kránnum. Spyrjið til dæmis um gamaldags rauðsprettu með steinseljusósu. Engir eru betri en kokkarnir við Vadehavet að matreiða þann rétt.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Víkingamiðstöðin fyrir sunnan Ribe býður upp á margvíslegar upptökur fyrir börn og fullorðna, til dæmis reiðkennslu, slátrun og sýningar á flughæfni fálka. Einnig er þess virði að skoða dómkirkjuna og víkingasafnið í Ribe. Að heimsækja fiskveiði- og siglingasafnið/sædyrasafnið norðvestan við fiskveiðihöfnina í Esbjerg er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna. Selirnir eru sérlega vinsælir meðal gesta.



Det Sydfynske Øhav, eða Suður-Fjónska Eyjahafið, nær til strandarinnar, grunnsævis og hinna mörgu smáeyja út af Suður-Fjóni.

Hvernig kemstu þangað?

Það eru auðvelt að komast til eyjanna Tåsinge og Langeland, því að á milli eyjanna eru vegir og brýr. Til eyjarinnar Ærø þarf að taka ferju frá Svendborg, Fåborg eða Rudkøbing. Einnig er siglt til minni eyja sem eru í byggð. Þeir sem hafa áhuga á að heimsækja óbyggðar eyjar verða að sigla þangað sjálfir. Á mörgum litlu eyjanna eru fuglabyggðir og eru þær lokaðar almenningi frá 1. mars til 15. júlí.

Heimilisföng

Hugmyndir að göngu-, sjó- og hjólréiðferðum má finna á:
www.sydfynskeohav.dk
www.fyntour.dk
www.maritim-center.dk

Mörg söfn búa yfir ýmsum upplýsingum um menningu eyjanna, sjá til dæmis Langeland Museum á:
www.langelandsmuseum.dk

Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna

www.arre.dk
www.infolangeland.dk
[/Turistkontor.html](http://Turistkontor.html)
www.faaborg.dk
www.svendborg.dk

Frekari upplýsingar

www.skovognatur.dk

Det Sydfynske Øhav – grænar eyjar umkringdar bláu hafi

Náttúruverndarsvæðið Det Sydfynske Øhav einkennist af blómlegum grænum smáeyjum umkringdum bláu hafi. Þar eru lítil eyjasamfélög og gamlir bæir. Strandengjar, klettur, lón, pollar og litlir skógar setja svip sinn á landslagið. Náttúruverndarsvæðin eru flest lítil en saman mynda þau einstakt landslag sem á sér enga hliðstæðu.



Stig Bachmann Nielsen/Naturplan

Voderupklettur á eyrni Ærø.

Det Sydfynske Øhav samanstendur af nokkrum svæðum við ströndina á Suður-Fjóni. Þetta eru um 50 eyjar og eru Langeland, Ærø og Tåsinge stærstar, samtals um 500 km² að flatarmáli.

Landslag á svæðinu er fagurt, stendur og firðir einkennast af miklu dýralífi, áhuga-verðri menningu og gömlum bæjum með þröngum götum.

Det Sydfynske Øhav er allt verndað sem evrópskt náttúruverndarsvæði (Natura 2000). Innan svæðisins eru mörg svæði friðlýst og hluti þess er friðland.

Náttúruupplifun: Landslag eyjahafsins er mótað af jöklum, þar sem hæðirnar rísa upp

úr hafinu sem smáeyjar. Á svæðinu eru margar eyjar, flóar og lón sem saman mynda langa strandlengju með fjörum, strandengjum og klettum. Milli eyjanna má oft sjá seli og marsvín. Á mörgum eyjum er að finna búsvæði sjaldgæfs frosks sem nefnist klukkufroskur *Bombina bombina* og í mörgum óbyggðum eyjum og hólum verpa mávar og þernur, meðal annars dvergþernur *Sternula albifrons*. Á stærri eyjunum eru einnig áhugaverð fuglasvæði, til dæmis við Tryggelev Nor, Tåsinge Vejle, Bøjden Nor og Helnæs. Á haustin er suðurhluti eyjunnar Langeland mikilvægur áningarstaður fyrir rán- og spörfugla á leið sinni suður á bóginn og á veturna hafa allt að 70.000 fuglar frá norðurslóðum viðdvöl á svæðinu.



Endurheimt náttúruverndarsvæði við Nakkebøllefjörð.



Flæðiengi við suður-fjónsku ströndina.

Menning smáeyjanna: Lyø er ein fallegasta eyjan á svæðinu en þar eru viðkunnalegir bóndabæir, hús með stráþökum og lítil kirkja. Á mörgum eyjum hefur verið haldið í gamlar hefðir sem annars eru horfnar í Danmörku. Sem dæmi má nefna að á eyjunni Avernakø hefur verið varðveitt ákveðin hefð í kringum vorsúluna (majtræet). Á eyjunni Lyø tíðkast þegar gengið er til kirkju að konurnar sitja í norðurhluta kirkjunnar en mennirnir í suðurhluta hennar.

Gamlir bæir: Ærøskøbing er sennilega best varðveitta 18. aldar þorpið í Danmörku en þar eru steinlagðar götur og mörg gömul hús. Einnig er þess virði að heimsækja Rudkøbing, „höfuðstað“ eyjunnar Langelands, en þar er hægt að upplifa stemningu gamals kaupstaðar. Í Fåborg er enn hægt að heyra söngva varðmanna yfir sumartímamann. Þar eru mörg vel varðveitt hús og gamlar verslanir. Við suðurströnd Fjónar



Gömul hús í Ærøskøbing.

eru mörg sveitaþorp með bindingshúsum, til dæmis í Falsled og Nørre Broby.

Útivist: Í lok ársins 2006 var opnaður 200 km langur göngustígur á svæðinu. Í Svanninge Bakker er stærsti leikvöllur Danmerkur (TroldeLand) úti í náttúrunni. Eyjahafið hentar vel til siglinga. Þar eru margar hafnir og staðir þar sem hægt er að liggja við akkeri. Einnig er hægt að róa á kajökum eða kafa og margir aðrir möguleikar eru fyrir hendi. Á mörgum stöðum er hægt að fara í skipulagðar siglingar á gömlum tréskipum eða ferjum. Eyjarnar Ærø og Langeland henta vel til hjólreiða. Með ströndinni allri er gott að veiða, sérstaklega sjúrriða. Frá Fåborg er hægt að fara í sjóstangaveiði með fiskibát.

Endurheimt náttúru: Á mörgum eyjum, meðal annars á Skarø og Strynø Kalv, hefur gróður verið sleginn til að bæta hag fugla og

plantna sem lifa þar sem gróður er lágvaxinn. Með suðurströnd Fjónar hefur náttúran verið endurheimt, til dæmis í Nakkebøllefirði. Á svæðinu eru góðir útsýnisstaðir þar sem auðvelt er að fylgjast með fuglum. Í Klise Nor á suðurhluta eyjunnar Langeland er svæði þar sem villihestar eru á beit allt árið.

Söfn: Naturama í Svendborg er nútímalegt náttúrugripasafn með skemmtilegri sýningu á hvöllum, spendýrum og fuglum frá Norður-Evrópu og Grænlandi. Einnig eru mörg menningarsöguleg söfn, meðal annars Langelands Museum. Óhavet Smakkecenter á Strynø er skipasafn og þar er hægt að leigja báta. Marstal Søfartsmuseum er stórt safn með skipslíkönum og ýmsum munum frá sjómönnum staðarins.

Aðrir möguleikar: Upplýsingamiðstöð ferðamanna veitir upplýsingar um ferðir og viðburði á svæðinu árið um kring.



GISTING

Á svæðinu eru mörg tjaldstæði, sumarbústaðir og einkaheimili sem bjóða upp á gistingu og morgunverð. Einnig eru mörg góð hótél og krár. Nánari upplýsingar er að finna í upplýsingamiðstöðvum ferðamanna. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, bæði í bæjunum og í dreifbýlinu.



MATUR

Á eyjunum Tåsinge, Langeland og Ærø eru bæir og þorp þar sem finna má veitingastaði, krár og hótél sem selja góðan mat. Sums staðar, til dæmis á Falsted Kro, er maturinn á heimsælikvarða. Við Tranekær á eyjunni Langeland er hægt að drekka kaffi í spennandi umhverfi á gamla herra-garðinum.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Mælt er með bílferð eða hjólreiðatúr til Arreskovvatns eða Brændegårdvatns til að upplifa hæðott landslag Suður-Fjóns. Við Brændegårdvatn er stór skarfanýlenda en á sumrin leita hafirnir frá Arreskovvatni þangað í fæðuleit.



Þjóðgarðurinn Saaristome-ren er í skerjagarðinum við Åbo í suðvestur Finnlandi.

Hvernig kemstu þangað?

Besta leiðin til þess að kynna þjóðgarðinum er á eigin bát en einnig er hægt að sigla til byggðu eyjanna með áætlunar- eða leigubátum. Áætlunarbátarnir sigla meðal annars frá Dragsfjärd og Nagu.

Sjá upplýsingar um áætlunarferðir á www.liikkujat.com. Gestastofan Blåmuslans í suðurhluta bæjarfélagsins Dragsfjärd, við endann á þjóðvegi 1830, er góður staður til að hefja ferðina.

Upplýsingar

Skógarráðið
Gestastofan Blåmuslans
Meripuistontie
25930 Kasnäs
Sími: +358 0205 644620
Netfang: sinisimpukka@metsa.fi
www.luontoon.fi/skargardshavet

Skerjagarðurinn – fjölbreytt landslag og berangurslegir hólmar

Í þjóðgarðinum Saaristomenen, eða Skerjagarðshafinu, eru þúsundir eyja og hólma slípaðar af meginlandsjöklinum á ísöld. Landslagið á svæðinu einkennist einnig af hefðbundnum engjum. Með þjóðgarðinum er vernd náttúru og menningu svæðisins tryggð um leið og stuðlað er að hefðbundinni nýtingu náttúruauðlinda. Segja má að þjóðgarðurinn haldi skerjagarðinum lifandi, en hann er hluti af umfangsmiklu samvinnuverkefni og jafnframt eitt af verndarsvæðum UNESCO (Biosphere Reserve).

Þjóðgarðurinn Skerjagarðshafið býr yfir fjölbreyttu landslagi, allt frá berangurslegum hólum yst í skerjagarðinum til skógi vaxinna eyja innst í honum. Samspil manns og náttúru á sinn þátt í að auka margbreytileika þjóðgarðsins því ýmis mannvirki og dýrahald, akrar og laufengi, skapa búsvæði sem eru þess virði að vernda. Hinn glæsilegi fugl, haförn, er einkennandi fyrir þjóðgarðinn en

hann má sjá á svæðinu nánast daglega.

Þjónusta: Þjóðgarðurinn hentar vel til hverskonar siglinga. Í eyjunum eru víða hafnir frá náttúrunnar hendi en sums staðar er að finna baujur og bryggjur þar sem hægt er að lenda bátum. Á sumum eyjum eru tjaldstæði með eldstæðum og kömrum. Á Konungskär í Korpo er skáli sem ferðalangar mega gista í.



Seppo Keränen

Berghamn.



Engi í Boskär.



Hanna Ylitalo

Brönugrös.

Á mörgum eyjanna eru mislangir fræðslustígar og með því að ganga eftir þeim má kynna fjölbreyttri náttúru skerjagarðsins og áhrifum mannsins á svæðið. Sýningar sem settar eru upp í gestastofunni í Berghamn í Nagu veita fólki innsýn í hefðbundið líf sjómanna á svæðinu. Í Jurmo er að finna náttúrumiðstöð sem leggur áherslu á náttúru og



Seppo Keränen

Hirðing laufengis.

sögu eyjanna.

Gestastofa: Gestastofa Blámusslans er góður byrjunarreitur fyrir þá sem vilja skoða þjóðgarðinn. Sýningarnar sem þar eru leggja áherslu á náttúru skerjagarðsins, bæði ofan- og neðansjávar. Í sal gestastofunnar eru einnig sýndar stuttar fræðslumyndir um náttúru skerjagarðsins. Ferðir með leiðsögu-manni verður að panta fyrirfram í síma.

Áhugaverðir staðir: Það eru fjölmargar fallegar og friðsælar eyjar í þjóðgarðinum.

Eyjan Jurmo er við enda jökulgarðsins Stängselåsen, sem nær þvert yfir Finnland. Eyjan einkennist af gróðursnauðri lyngheiði og er hún hvíldarstaður margra sjaldgæfra farfugla. Ef Stängselåsen er fylgt lengra inn í skerjagarðinn kemur maður að Sandö en þar vex það mikið af trjám að kalla mætti skóg.

Á Jungfruskär eru margir blómlegir lundir og laufengi þar sem vaxa sjaldgæfar plöntu- tegundir eins og brönugrasið *Dactylorhiza sambucina* og brennimylkingur *Polygala amarella*. Á eyjunni er vík þar sem er útsýnisturn.

Um allan skerjagarðinn má sjá minjar eftir ísöldina, t.d. er stærsti skessuketill þjóðgarðsins í Jungfruholmen. Á göngustígum í nágrenni náttúrumiðstöðvar Blámusslans í Kasnäs er hægt að skoða ýmsar jarðminjar skerjagarðsins.



Seppo Keränen

Sandö.



Hanna Ylitalo

Engi í Berghamn.



MATUR OG GISTING

Í þjóðgarðinum og næsta nágrenni hans eru margir matsölustaðir og gistimöguleikar í ólíkum verðflokkum. Einnig bjóða ferðaskrifstofur upp á fjölbreytta dagskrá og ferðir. Frekari upplýsingar er að finna á www.suomensaaristovaraus.com og hjá upplýsingamiðstöð ferðamanna fyrir svæðið Åboland- et og Skærgården, sjá www.saaristo.org.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Í Rosalas vikingacentrum (www.rosala-viking-centre.com) er hægt að fræðast um sögu skerjagarðsins og vítaeyjanna Bengtskär (www.bengtskar.fi) og Utö. Í Korppströms Skærgårdscentrum má kynna menningu og sögu skerjagarðsins (www.saaristokeskus.fi). Fyrir fólk á bíl sem vill skoða hluta skerjagarðsins á sumrin er þægilegt að aka hringveginn, Rengastie (www.saaristo.org).



Þjóðgarðurinn Linnansaari

er í Austur-Finlandi, í miðju vatnasvæði Saimens.

Hvernig kemstu þangað?

Hægt er að komast í þjóðgarðinn Linnansaari á báti. Porosalmi og Mustalahti í Rantasalmi eða Oravi eru ágætir upphafsstaðir. Einnig er hægt að komast til Linnansaari með því að fylgja merktri leið frá miðbæ Rantasalmi um skipaskurðinn Ketvele. Frá gestabryggjunni í Mustalahti (3,5 km frá Rantasalmi) er auðvelt að komast í þjóðgarðinn á eigin bát. Bátsferðir eru frá Nyslott til Varkaus.

Yfir sumartímann eru daglegar bátsferðir milli Oravi og Linnansaari og Porosalmi og Linnansaari. Þegar vatnið er íslaut er ákjósanlegt að leigja bát frá Oravi eða Porosalmi (hentar 1–6 manns). Að auki eru nokkrar ferðaskrifstofur sem skipuleggja ferðir eftir pöntun.

Upplýsingar

Gestastofa Oskari – Linnansaaris
Ohitustie 7

58900 Rantasalmi
Sími: +358 0205 645916

Gestastofa Nestori – Saimens
Aino Acktén puistotie 4
57130 Nyslott

Sími: +358 0205 645929

Netfang: saimaa@metsa.fi
www.luontoon.fi/linnansaari

Linnansaari – finnskt vatna-landslag eins og það gerist best

Þjóðgarðurinn Linnansaari í Haukivesivatni er hluti af vatnasvæði Saimens. Í þjóðgarðinum eru hundruðir eyja og stórar víkur sem eru paradís fyrir ræðara. Svæðið hentar vel bæði til dagsferða og lengri ferða. Í skjóli eyjanna býr þekktasti íbúi Linnansaaris, saimenselurinn, en hann er í útrýmingarhættu.



Markus Sirkka

Ræðari í Linnansaari.

Á ferð um vatnið getur sá sem heppnin er með séð einn þeirra 50 saimensela sem lifa í þjóðgarðinum. Nú eru að minnsta kosti 280 selir í Saimen, þökk sé árangursríkum þjörgunaraðgerðum. Á bak við hrjóstruga strandkletta eyjanna leynast blómlegir lundir og ljósa drumbspætan, sem er í útrýmingarhættu, heldur til í gömlu laufskógunum. Laufskógarnir og engin mynduðust í kjölfar sviðuræktar sem menn stunduðu. Síðasta svæðið sem notað var í þessum frumstæða landbúnaði á Linnansaari var brennt á fjórða áratugi síðustu aldar en sumarið 1993 tóku menn þessa

aðferð upp að nýju. Með henni varðveitist landslag þess tíma er sviðuræktin var stunduð um leið og stuðlað er að verndun tegunda sem eru háðar sérstökum lífsvæðum í útrýmingarhættu.

Þjónusta: Í þjóðgarðinum eru 20 hafnir með tjald- og eldstæðum. Flestar hafnirnar henta aðeins smábátum.

Á aðaleyju þjóðgarðsins er tjaldstæðið Sammakoniemi. Þar eru gistikofar sem greiða þarf fyrir, gufubað sem hægt er að leigja, skýli með eldunaraðstöðu, sjoppa, salerni, endurvinnslustöð,

Timo Kilpeläinen



Vetur í Linnansaari.

upplýsingamiðstöð ferðamanna og lítil bryggja fyrir 10 báta, en borga þarf fyrir afnot af bryggjunni. Höfnin er einnig hentug fyrir seglbáta. Á tjaldstæðinu er hægt að kaupa veiðileyfi og kort af svæðinu en einnig er hægt að panta ferð með leiðsögumanni og leigja ýmiss konar útbúnað.

Göngustígar: Á aðaleyju Linnansaaris eru auk göngustígans Linnonpolku (2 km), tveir stuttir göngustígar sem liggja í hring (5,5 km og 7 km). Hæðóttir stígarnir liggja meðal annars að hjáleigu Linnansaaris og gamla sviðuræktarsvæðinu og útsýnisstað eyjarinnar. Upphafsstaður göngustíganna er við upplýsingaskiltið á Sammakkoniemistjaldstæðinu.

Annað áhugavert: Þjóðgarðurinn hentar vel til siglinga og upplagt er að róa um vatnið til að upplifa náttúrustemninguna. Hluti af langri róðraleið, sem kallast Norppareitti (Selaleiðin), liggur um þjóðgarðinn. Um er að ræða hringleið sem liggur um þjóðgarðana Kolovesi og Linnansaari. Kallast þessi leið Norppataival og tekur róðurinn 7–10 daga.

Tákn þjóðgarðsins er gjóður, ein af 70 fuglategundum sem lifa í garðinum, en þjóðgarðurinn þykir stórkostlegur staður til fuglaskoðunar. Á svæðinu er einnig hægt að stunda stangveiði þó ákveðnar takmarkanir séu þar á til að vernda saimenselina og fuglalífið. Margar ferðaskrifstofur skipuleggja ferðir með leiðsögn eftir pöntun.

Gestastofa: Gestastofan Oskari–Linnansaari er í miðbæ Rantasalmis. Þar er sýning sem veit-

ir innsýn í þá einstöku náttúru sem einkennir þjóðgarðinn Linnansaari. Upplýsingaþjónustan í Oskaris veitir upplýsingar um þjóðgarðinn og þá afþreyingarmöguleika sem hann hefur upp á að bjóða. Þar er einnig hægt að fá tillögur um skoðunarferðir, kaupa veiðileyfi eða fá leiðsögn um gestastofuna.

Gestastofan Nestori–Saimens í Nyslott er um 40 km frá aðaleyju Linnansaaris. Í friðsælu timburhúsi Nestoris er hægt að fræðast um vatnasvæði Saimen og saimenselinn.

Áhugaverðir staðir: Hjáleiga Linnansaaris og nágrenni hennar býr yfir dýrmætu menningarlandslagi. Kotið hefur verið endurbyggt og er opið almenningi. Þar er hægt að kynnst hefð-



MATUR OG GISTING

Tjaldstæðið Sammakkonieimi býður upp á gistingu í kofum, en þar er einnig sjoppa þar sem hægt er að kaupa kaffi. Hægt er að panta máltíðir fyrir hópa. Tjaldstæðið Sammakkonieimi í Linnansaari; SaimaaHoliday (www.saimaaholiday.net), sími: +358 0500 275458. Í Oravi, um 5 km frá aðaleyjunni Linnansaari, er lítil verslun, veitingastaður og farfuglaheimili. Í Porosalmi í Rantasalmi, um 12 km frá aðaleyjunni, er sumarleyfisbærinn Järvisydämen kauppa, en þar er veitingastaður. Fjölbreyttustu möguleikarnir í mat og gistingu eru í miðbæ Rantasalmis, um 15 km frá þjóðgarðinum, sjá Rantasalmen matkailu (www.rantasalmi.fi).



Laura Lehtonen

Hjáleiga í Linnansaari.



Laura Lehtonen

Útsýnisstaðurinn Linnavuoris.

bundnum og sjálfbærum lífsháttum frá byrjun síðustu aldar. Linnavuoris er hár klettur á norðvesturhluta eyjunnar, þar er gott útsýni yfir eitt fegursta vatnalandslag Finnlands.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Í Oravi er gamall skipaskurður frá 1859. Batafólk getur siglt í gegnum Joutenvesi og inn í afslappandi andrúmsloft þjóðgarðsins Kolovesi. Þaðan er hægt að halda leiðinni áfram í gegnum Kermaskipaskurðinn til hins fagra Kermavatns. Nyslott er hliðið að róandi vatnalandslagi Pihlajavesi. Í Nyslott er hin sögulega áhugaverða Olofsborg og margt annað. Frekari upplýsingar í upplýsingamiðstöð ferðamanna í Nyslott, www.savonlinna.fi.



Þjóðgarðurinn Oulanka er í sveitarfélögunum Kuusamos og Sallas í Lapplandi í norðausturhluta Finnlands.

Hvernig kemstu þangað?

Best er að komast í þjóðgarðinn á eigin bíl en þangað liggja vegir frá nágrennbæjunum.

Á sumrin eru daglegar rútuferðir að hinum vinsæla göngustíg Karhunkierros og á virkum dögum á veturna er hægt að komast þangað með skólabílnum.

Hægt er að komast með lest til Uleåborg (280 km), Kemijärvi (90 km) og Rovaniemi (180 km) en þaðan er hægt að taka rútur sem fara í gegnum Kuusamo (50 km) og Salla (40 km) til þjónustumiðstöðvanna í Oulanka.

Næsti flugvöllur er í Kuusamo (50 km). Á veturna er flogið þangað daglega en sjaldnar á sumrin. Flugrútan fer í gegnum bæjarfélögin í nágrenni Oulanka.

Upplýsingar

Gestastofa Oulanka
Liikasenvaarantie 132
93999 Kuusamo
Sími: +358 0205 646850
Netfang: oulanka@metsa.fi

Þjónustumiðstöðin Karhuntassu
Torangintaival 2
93600 Kuusamo
Sími: +358 0205 646804
Netfang: karhuntassu@metsa.fi

Gestastofa Hautajärvi
98995 Hautajärvi
Sími: +358 0205 646870
Netfang: hautajarvi@metsa.fi
www.luontoon.fi/oulanka



Kari Lahti

Fossinn Jyrävä.

Oulanka – blómlegt fljóta-landslag og stórkostlegt útsýni

Þjóðgarðurinn Oulanka nær yfir 27.000 hektara. Náttúra þjóðgarðsins er stórbrotin og fjölbreytt og einkennist af suðlægum, austlægum og norðlægum áhrifum sem mynda eina heild. Náttúru- og menningarlandslag eins og fyrirfinnst í Oulanka hefur verið valið eitt af þjóðareinkennum Finnlands. Samspil skóganna, áanna, dalanna, fjallanna og votlendisins skapar fjölbreytt landslag og gerir Oulanka að eftirsóknarverðum ferðamannastað.

Þjóðgarðurinn Oulanka er í barrskógabeltinu og einkennist af misháum hæðum og dölum. Hæðarmismunur og ólíkur jarðvegur á svæðinu skapa fjölbreytt búsvæði fyrir margar tegundir lífvera. Á svæðinu eru hundruðir mosa- og háplöntutegunda, og þar af eru margar sjaldgæfar. Flæðiengin, sem eru óteljandi, eru vaxtarsvæði margra plöntutegunda. Nafnið Oulanka þýðir í raun „að flæða yfir bakka sína“.

Tákn þjóðgarðsins er plöntutegundin nornin, *calypso bulbosa*, sem sést víða á svæðinu.

Kiutaköngäs, er vinsælasti ferðamannastaður Oulankas.

Minna Koramo





Kari Lahti

Kari Lahti

Gyðjuskór *Cypripedium calceolus* Norn *calypso bulbosa*.



Mikka Koramo

Það eru fjölbreytilegar gönguleiðir í Oulanka.

Meðal annarra orkídeutegunda á svæðinu eru gyðjuskór, *Cypripedium calceolus*, og daggarvör, *Epipactis atrorubens*.

Þjónusta: Í Þjóðgarðinum Oulanka eru margar sumar- og vetrarleiðir. Meðfram þeim eru yfir 35 áningarstaðir með eldstæðum og á mörgum stöðum eru vindskýli og skálar. Sums staðar eru skálar sem eru opnir árið um kring.

Ferðaleiðir: Best er að skoða fagurt landslag í Þjóðgarðinum Oulanka fótgangandi. Karhunkierros er 80 km löng gönguleið sem liggur í gegnum Þjóðgarðinn, vinsæl útsýnisleið sem tekur nokkra daga að ganga. Í bænum Juma er

hægt að velja styttri gönguleið sem er 12 km löng hringleið. Í Þjóðgarðinum eru sex fræðslustígar en upplýsingar um þá er að finna í upplýsingaheftum sem dreift er í Þjónustumiðstöðvunum.

Róður er best að stunda í neðri hluta Oulankafljóts, sér í lagi fyrir byrjendur. Efri hluti fljótsins og neðri hluti Kitkafljóts eru erfiðari siglingarleiðir.

Í nágrenni Oulanka eru margar ferðaskrifstofur sem bjóða upp á gönguferðir um Þjóðgarðinn með leiðsögumanni, kajakferðir, fuglaskoðunarferðir og flúðasiglingar. Ferðaskrifstofurnar leigja einnig út ýmiss konar útbúnað. Þjónustumiðstöðvar Þjóðgarðsins veita frekari upplýsingar um ferðir sem boðið er upp á.

Gestastofur: Það getur borgað sig að undirbúa ferðir sínar í Þjóðgarðinn og velja áfangastaði í samráði við gestastofuna en þar eru veittar margvíslegar upplýsingar um Þjóðgarðinn. Þar eru líka seld kort, veiðileyfi og ýmiss konar upplýsingaefni. Einnig eru veittar upplýsingar um Forststyrelsen, sem fer með stjórn flestra friðlýstra svæða í Finnlandi.

Gestastofa Oulanka er í miðjum Þjóðgarðinum við gönguleiðirnar Kiutakönga og Björnerunden. Þar er sýning um Oulankafljótið, áheyrendasalur, myndbanda- og mynddiskasýningar, bókasafn með bókum um náttúruna og kaffihús. Náttúruhúsið Hautajärvi er í norðanverðum Þjóðgarðinum en þar hefst göngustigurinn Björnerunden við heimsskautsbaug. Þjónustumiðstöðin Karhuntasu í miðbæ Kuusamo veitir upplýsingar um Þjóðgarðinn og selur veiðileyfi og kort.

Áhugaverðir staðir: Flestir markverðustu staðirnir eru í dölunum Oulanka og Kitkajoki. Meðal þeirra eru Oulankadalurinn, Rupa-kiviklettur og fossarnir í Taivalköngas, Myl-



Hannu Hautala

Koivumutka.

lykoski og Jyrävä. Frá gestastofunni er aðeins kílómeters gangur að rauðu klettunum við Kiutaköngasfossana.



GISTING

Margir gististaðir eru í nágrenni Þjóðgarðsins Oulanka, meðal annars fríundapöpp, tjaldstæði og hótél. Við göngustígana í Þjóðgarðinum eru einnig tjaldstæði. Frekari upplýsingar um matsöluastaði, gistingu og ferðarþjónustu er hægt að fá í bæjarfélögum Kuusamos og Rukas, eða á heimasíðunum www.kuusamo.fi og www.ruka.fi, og í bænum Salla eða á www.salla.fi. Þjónustumiðstöðvarnar í Oulanka veita einnig haldgóðar upplýsingar.



MATUR

Í nágrenni Þjóðgarðsins Oulanka eru margir veitingastaðir í mismunandi verðflokkum sem bjóða upp á staðbundna sérrétti og hefðbundna rétti. Ef pantað er fyrirfram geta hópar fengið matinn framreiddann úti í náttúrunni.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Í nágrenni Oulanka eru margir áhugaverðir staðir svo sem upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ruka. Fuglasvæðin Valtavaara í nágrenni Ruka og votlendissvæðið Riisitunturi í Posio, sem jafnframt er mikilvægt fuglasvæði (IBA, Important Bird Area), eru sérlega vinsæl. Í suðurhluta Kuusamo í Näränkä er helsti fulltrúi gamalla skóga Finnlands. Eyðibýli í óbyggðum Näränkä ásamt stöðuvatninu Julma Ölkky eru einhverjir vinsælustu ferðamannastaðirnir.



Þjóðgarðurinn Pallas-Yllästunturi er í Vestur-Lapplandi og nær til sveitarfélaganna Enontekis, Kittfall, Kolari og Muonio.

Hvernig kemstu þangað?

Hægt er að komast á eigin bíl að upphafi gönguleiða í þjóðgarðinum, þ.e. í bæjum og ferðaþjónustumiðstöðvum umhverfis þjóðgarðinn. Vinsælustu leiðirnar hefjast í nágrenni gestastofanna þriggja sem eru í þjóðgarðinum.

Daglegar lestarferðir eru milli Helsingfors og Rovaniemi og til Kolari á háannatíma ferðamannatímabilsins. Rútur ganga frá Rovaniemi til Kittfall, Muonio og Hetta og frá Kolari til Ylläs.

Það eru flugvellir í Kittfall og Enontekis. Flogið er daglega til Kittfall en til Enontekis yfir ferðamannatímamann.

Upplýsingar

Gestastofa Kellokas
Tunturintie 54,
95970 Äkäslompolo, Ylläs
Sími: +358 0205 647039
Netfang: kellokas@metsa.fi

Gestastofa Pallastunturi
99330 Pallastunturi
Sími: +358 0205 647930
Netfang: pallastunturi@metsa.fi

Gestastofa Tunturi-Lappis
Peuratie 15
99400 Enontekiö
Sími: +358 0205 647950
Netfang: tunturi-lappi@metsa.fi
Frekari upplýsingar:
www.luontoon.fi/pallas-yllastunturi



Saari Koski

Stöðuvatnið Pallasjärvi.

Pallas-Yllästunturi – sögurík fjöll og fornir skógar

Landslag í þjóðgarðinum Pallas-Yllästunturi einkennist af fjöllum, ósnortnum skógum og votlendi. Einstök og margbreytileg náttúran býður upp á fjölbreytta útvistarmöguleika. Hið fallega fjall Pallastunturi hefur verið valið sem eitt af landslagseinkennum Finnlands.

Þjóðgarðurinn Pallas-Yllästunturi er þriðji stærsti þjóðgarður Finnlands, 1020 km² að flatarmáli. Hann er á mörkum þriggja ólíkra landfræðilegra svæða sem tryggja mikla fjölbreytni. Á svæðinu mætast suðrænar og norrænar tegundir og þar er að finna fallegustu skóga og votlendi Lapplands. Fyrir utan þær plöntutegundir sem þurfa kalkríka jörð vaxa þar flestar þær fjallaplöntur sem lifa í norðurhluta Lapplands.

Fjöllin hafa alltaf heillað vísindamenn og útivistarfólk. Á fjórða áratug síðustu aldar var svæðið Pallas-Ounastunturi þegar orðið vinsælt útivistarsvæði og árið 1938 var opnað hótél í Pallastunturi. Nokkrum árum áður

hafði verið lagður 55 km langur göngustígur frá Pallastunturi til Hetta í Enontekis.

Þjónusta: Í þjóðgarðinum Pallas-Yllästunturi eru margar sumar- og vetrarleiðir með eldstæðum, vindskýlum, kofum, eyðibýlum og leiguskálum. Fyrir utan náttúruverndarsvæðið er góð ferðaþjónusta.

Ferðaleiðir: Þjóðgarðurinn Pallas-Yllästunturi býður upp á mikla útvistarmöguleika. Þar eru fimm langar gönguleiðir sem eru samtals um 350 km langar. Að auki eru 15 greiðfærir fræðslustígar sem auðvelt er að ganga og veita góða innsýn í menningu og



Sauli Koski

Lommoltunturiheiði.

náttúru. Á svæðinu eru merktar skíðabrautir, samtals um 500 km og eru þær flestar troðnar með snjótroðara. Hluti skíðaleiðanna milli Pallas og Ounastunturi liggur um óbyggðir og er ekki haldið við reglulega. Boðið er upp á ferðir með leiðsögn, bæði hjá einstökum leiðsögumönnum og gestastofunum.

Gestastofur: Í gestastofu sem rekin er af Forststyrelsen, stofnuninni sem fer með stjórn þjóðgarðsins, geta ferðamenn fræðst um náttúru og menningu Lapplands. Fjall-



Sauli Koski

Göngumenn í Pallastunturi.



Sauli Koski

Að haustlagi.

vegurinn svokallaði leiðir gesti frá rótum Yllästunturiheiðar, framhá stöðuvötnunum Äkäs og Jeris og til Pallastunturiheiðar. Þaðan er veginum fylgt í austur meðfram ánni Ounasjoki að upptökum hennar í stöðuvatninu Ounasjärvi í sveitarfélaginu Hetta, Enontekis.

Það er gott að hefja ferð sína um suðurhluta þjóðgarðsins í gestastofunni Kellokas. Síðan er hægt að gera krók á leið sína og heimsækja gestastofuna Pallastunturi og ljúka ferðinni í gestastofunni Tunturi-Lappis. Í gestastofunni Kilpisjärvi er sýning sem leggur áherslu á sögu Yliperäfsjallanna, náttúru þeirra og litríka sögu fólksins á svæðinu. Aðrar gestastofur veita einnig upplýsingar um viðburði og skipulag í þjóðgarðinum.

Áhugaverðir staðir: Náttúran í þjóðgarðinum Pallas-Yllästunturi uppfyllir allar væntingar ferðamannsins. Fjöllin rísa upp

úr skóginum og fagurt landslagið breytist eftir árstíð og birtu. Útsýnisstaðir eru mjög aðgengilegir.

Menning svæðisins er lifandi og staðbundin fyrirtæki bjóða ferðamönnum upp á að kynnst henni betur. Það eru margar gamlar menningarminjar í þjóðgarðinum og í nágrenni hans.



Sauli Koski

Skollaber *Conrus suecica*.

MATUR OG GISTING

Hægt er að fullkomna heimsókn í þjóðgarðinn með því að njóta matar og gistingar á hótelum, veitingastöðum og í skálum á svæðinu. Upplýsingar um þjónustu á Yllässvæðinu er að finna á www.yllas.fi, á www.enontekio.fi fyrir Enontekis, www.kittila.fi fyrir Kittfall, www.kolari.fi fyrir Kolari og á www.muonio.fi fyrir Muonio.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Fjallahryggurinn í vestanverðu Lapplandi og stóru fljótin tvö sitt hvoru megin við hann veita ferðamönnum mikla möguleika til menningar- og náttúruupplifunar.



Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur er á norðaustur Íslandi, um 150 km frá Akureyri.

Hvernig kemstu þangað?

Aðalleiðin inn í þjóðgarðinn liggur af þjóðvegi nr. 85 í Kelduhverfi við Ásbyrgi. Á sumrin má komast þangað með því að aka austan Jökulsár á Fjöllum um veg nr. 864 en vestan ár um veg nr. 862 (eingöngu jeppaslóði), liggja þeir báðir af þjóðvegi nr. 1. Allt árið eru áætunarferðir í Ásbyrgi frá Húsavík og Akureyri, upplýsingar á www.sba.is, sími +354 550 0700. Áætunarflug er til næstu innanlandsflugvalla, á Akureyri (155 km) og Egilsstöðum (191 km), sjá www.flugfelag.is, sími +354 570 3030.

Heimilisföng

Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur
Ásbyrgi
671 Kópasker
Sími +354 465 2359
www.ust.is/Natturuvernd
/Thjodgardar/Jokulsargljufur
Netfang: jokulsargljufur@ust.is
Gljúfrastofa
Ásbyrgi
671 Kópasker
Sími +354 465 2195

Áhugaverðar vefsíður

www.kelduhverfi.is
www.nordurland.is
www.visiticeland.com

Viltu vita meira?

Bæklingur um þjóðgarðinn Jökulsárgljúfur, gefinn út af Umhverfisstofnun er fáanlegur á stofnuninni (www.ust.is) og gestamóttökum í Ásbyrgi og Vesturdal.



Jóhann Óli Hilmarsson

Jökulsárgljúfur.

Jökulsárgljúfur – tignarleg gljúfur, jökulá, fossar og jarðmyndanir

Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur er staðsettur á vesturbakka Jökulsár á Fjöllum, sem á upptök sín undir Vatnajökli, stærsta jökli í Evrópu. Ólgandi áin rennur um ein stærstu og tilkomumestu árgljúfur á Íslandi og á leiðinni eru nokkrir stórir og vatnsmiklir fossar. Árlega laða fjölbreytt náttúra og stórbrotið landslag að um 100.000 gesti.

Þjóðgarðurinn nær yfir svæði sem er um 120 km² að flatarmáli, að mestu mótað af hamfarahlaupum sem skildu eftir sig ummerki hvarvetna meðfram Jökulsá á Fjöllum. Markmiðið með verndun svæðisins er annars vegar að vernda gljúfur Jökulsár á Fjöllum og umhverfi þeirra, landslag, lífríki og sögu og hins vegar að veita almenningi aðgang að þjóðgarðinum með



Jóhann Óli Hilmarsson

Lómur *Gavia stellata* á tjörn.

þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru til að tryggja verndun hans.

Þjónusta: Bílastæði, tjaldstæði, salerni, salerni fyrir fatlaða, upplýsingamiðstöð og upplýsingaskilti. Fyrir utan þjóðgarðinn eru verslanir, gisting og fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar.

Gestastofa: Gestastofa þjóðgarðsins, Gljúfrastofa í Ásbyrgi, var opnuð árið 2007. Aðalþemað er Jökulsá á Fjöllum og áhrif hennar á land og fólk. Áhersla er lögð á sérstöðu svæðisins, markmið þjóðgarðsins og væntingar gesta.

Gönguleiðir: Jökulsárgljúfur eru tilvalið svæði fyrir gönguferðir, enda verða þau ekki skoðuð að gagni nema leggja land undir fót. Merktar hafa verið fjölbreyttar gönguleiðir (samtals 75 km) og ættu allir að finna einhverja við sitt hæfi. Engin leið er sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða, en hreyfihamlaðir geta komist um nokkrar þeirra, t.d. göngustíginn í Ásbyrgi, stærsta hluta stígsins í Hljóðaklettum og stíginn að Dettifossi (vestan árinna).

Gljúfrin og fossarnir: Efri gljúfrin, frá Dettifossi að Syðra-Þórunnarfjalli, eru dýpsti og hrikalegasti hluti Jökulsárgljúfra. Dettifoss er oft talinn völdugasti foss í Evrópu. Hann, ásamt Hafragilsfossi og Selfossi, mynda samstæðu sem á fáa sína líka í veröldinni. Mikilvægt er að vera varkár nálægt fossunum því umhverfi þeirra getur verið hættulegt.

Megin einkenni Þjóðgarðsins eru andstæður djúpra glúfranna og ólgandi jökulárinnar. Gróskumikill gróður og uppsprettur einkenna Hólmatungur. Þverhniptir kletta-veggir og sléttur dalbotn einkenna Vesturdal og miðju Þjóðgarðsins.

Fornir eldgígar: Hljóðaklettur eru mikið vöndurhús af ótal klettaborgum með hellum og skútum í ýmsum stærðum, gömul gígaröð sem áin hefur þvegið allt lauslegt utan af.



Lindarvatn í Hólmatungum.

Ásbyrgi, skeifulöguð hamrakvos: Ásbyrgi er gríðarstór kvos umkringd klettaveggjum, líklega orðin til í hamfarahlaupum. Þar eru nokkrar léttar og skemmtilegar gönguleiðir sem hefjast við bílastæðið.

Gönguferðir með leiðsögn: Yfir sumartím-ann bjóða landverðir upp á reglulegar göngu-ferðir með leiðsögn og sérstaka dagskrá fyrir börn.

Aðrir afþreyingarmöguleikar: Þjóðgarðurinn og nágrenni hans eru tilvalin til fugla-skoðunar því þar má finna ýmiss konar



Rauðhólar, hluti af gamalli gígaröð.

búsvæði fyrir fugla. Í skjóli kletta og hamra vaxa einnig margar gerðir plantna. Víða má finna menningarminjar, rústir mannvirkja frá ýmsum tímum.

Sérstakar uppákomur: Yfir háannatíma (júlí-ágúst) á hverju ári er fjölbreytt dagskrá fyrir gesti, svo sem gönguferðir með leiðsögn, kvöldvökur og afþreying fyrir börnin. Þessar uppákomur eru ókeypis. Sé þess óskað getur Þjóðgarðsvörður (sími +354 465 2359) skipu- lagt gönguferðir eða aðra dagskrá fyrir hópa.



GISTING

Í Þjóðgarðinum:

Tjaldstæði í Ásbyrgi með sturtu og salernisaðstöðu, þvottavél og þurrk- aðstöðu. Útigrill, útiborð, leikvöllur o.fl. Upp- lýsingar á www.ust.is. Sími +354 465 2195.

Tjaldstæði í Vesturdal. Fallett tjaldstæði, aðallega fyrir tjöld. Salernisaðstaða, kalt vatn og útiborð. Upplýsingar á www.ust.is. Sími +354 465 2195. Utan Þjóðgarðs:

Lundur, Öxarfirði. Gistiheimili. Upplýsingar á www.dettifoss.is. Sími +354 465 2247.

Ferðabjónusta bænda: Hóll, Kelduhverfi (sími +354 465 2270), Keldunes, Kelduhverfi (sími +354 465 2275), Skúlagarður, Keldu- hverfi (sími +354 465 2280). Upplýsingar á www.kelduhverfi.is.

Farfuglaheimili, Kópaskeri. Upplýsingar á www.dettifoss.is. Sími +354 465 2314.

Tjaldstæði á Kópaskeri. Sími +354 465 2150.

Hótel Norðurljós, Raufarhöfn. Notalegt hótél við höfnina á Raufarhöfn. Upplýsingar á www.raufarhofn.is. Sími +354 465 1233.

Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi veitir nánari upplýsingar um gistimöguleika á svæðinu (www.nordurland.is, sími +354 462 3300).



MATUR

Í Þjóðgarðinum eru ekki kaffihús eða veitingarstaðir en í nágrenninu má finna eftirfarandi:

Verslunin Ásbyrgi. Verslun og veitingastaður rétt utan Þjóðgarðs. Sími +354 465 2260.

Skúlagarður, Kelduhverfi. Ferðabjónusta bænda. Veitingastaður og bar. Upplýsingar á www.kelduhverfi.is. Sími +354 465 2280.

Lundur, Öxarfirði. Veitingastaður og bar, opið yfir sumartímamann. Upplýsingar á www.dettifoss.is. Sími +354 465 2247.

Hótel Norðurljós, Raufarhöfn. Veitingastaður. Upplýsingar á www.raufarhofn.is. Sími

+354 465 1233. Húsavík (60 km). Nokkrir viðkunnalegir veitinga- staðir eru í miðbæ Húsavíkur, t.d. Restaurant

Salka, Gamli Baukur restaurant og Fosshótel Húsavík. Upplýsingar á www.husavik.is Mývatn (100 km). Við Mývatn eru nokkur notaleg veitingahús. Upplýsingar á www.myv.is.



ANNAÐ ATHYGLISVERT Í NÁGRENNINU

Það er margt að gera í nágrenni Þjóðgarðsins. Til að skoða fugla

er upplagt að fara í Kelduhverfi, Öxarfjörð og Melrakkasléttu. Ramsarsvæðið Mývatn er í um 100 km fjarlægð, heimspekkur fyrir fuglalífð sem þar er og fyrir jarðmyndanir umhverfis vatnið (www.myv.is). Frá Húsavík er hægt að fara í hvala- skoðun, daglegar ferðir frá maí til september, sjá upplýsingar á www.husavik.is. Á svæðinu eru nokkur athyglisverð söfn, upplýsingar á www.nordurland.is.



Dettifoss, kraftmikill foss.



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er á Snæfellsnesi á Vesturlandi, um 200 km norð-vestur frá Reykjavík.

Hvernig kemstu þangað?

Til að komast í þjóðgarðinn getur þú valið um tvo möguleika, að ferðast á eigin bíl eða taka rútu frá Reykjavík til Ólafsvíkur eða Hellissands. Vegur nr.

574, Útnesvegur, liggur um þjóðgarðinn og er aðkoma bæði að sunnan og norðan. Upplýsingar um rútuáætlanir er að finna á www.bsi.is.

Heimilisföng

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Klettsbúð 7

360 Hellissandur

Sími: +354 436 6860

www.ust.is/Natturuvernd/Thjodgardar/Snaefellsjokull

Netfang: snaefellsjokull@ust.is

Gestastofan á Hellnum
Hellnum

356 Snæfellsbær

Sími: +354 436 6888

Áhugaverðar vefsíður

www.west.is

www.snaefellsnes.com

www.visiticeland.com

www.saeferdir.is

Viltu vita meira?

Bæklingur um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, gefinn út af Umhverfisstofnun er fáanlegur á stofnuninni (www.ust.is) og í gestastofu þjóðgarðsins.

Snæfellsjökull – vel þekkt eldfjall og jökull, miklar hraunbreiður, fuglabjörg og menningarminjar

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er eini þjóðgarðurinn á Íslandi sem nær í sjó fram. Hjarta þjóðgarðsins er eitt tignarlegasta og þekktasta fjall Íslands, Snæfellsjökull, sem er virkt eldfjall krýnt jökulhettu. Undirlendið einkennist af hraunmyndunum og ströndin er margbreytileg og iðar af líffi, einkum á varptíma fugla. Á mörgum stöðum má finna merkilegar sögu- og menningarminjar.

Þjóðgarðurinn er um 170 km² að flatarmáli. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda einstakt landslag svæðisins, jarðmyndanir og merkar sögulegar minjar sem þar eru en einnig dýralíf og gróðurfar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Um 100.000 gestir heimsækja þjóðgarðinn á hverju ári.

Þjónusta: Öll þjónusta, þar á meðal gestastofa, upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, gisting, verslanir og veitingastaðir, er staðsett utan þjóðgarðs. Innan þjóðgarðs eru nokkur bílastæði, almenningssalarni við Djúpalónssand, göngustígar og upplýsingaskilti.

Gestastofa: Gestastofa þjóðgarðsins er að Hellnum. Þar er að finna skemmtilegar og lifandi upplýsingar um náttúru og mannlíf svæðisins. Áhersla er lögð á upplifun fólks, t.d. með því að snerta, lykta, skoða og reyna.



Snævarr Guðmundsson

Horft á Snæfellsjökull.

Gönguleiðir: Margar gönguleiðir liggja um fjölbreytta náttúru þjóðgarðsins og ættu allir að að geta fundið leið við sitt hæfi. Flestar leiðir er auðvelt að rata og hægt er að tengja gönguleiðirnar saman á ýmsa vegu. Vert er að hafa í huga að lítið er um drykkjarvatn í þjóðgarðinum og því nauðsynlegt að hafa með sér eitthvað að drekka þegar lagt er í göngu.

Snæfellsjökull: Það er vinsælt að fara á tind Snæfellsjökuls, ýmist fótgangandi eða á skíðum. Besti tíminn til þess er að vorlagi eða snemmsumars. Á Jökulinn eru einnig skipulagðar ferðir með vélsleðum og snjótroðara (www.snjofell.is).

Fiskveiðar: Elstu þekktu minjar um sjávarútgerð á Norðurlöndum eru staðsettar fyrir ofan Gufuskála, fjöldi fiskbyrgja sem talin eru 500-700 ára gömul. Þau eru örstutt frá veginum en fyrir ókunnuga er erfitt að koma auga á þau. Ganga að þeim tekur aðeins um 10 mín. Hinum megin aðalveg-



Snævarr Guðmundsson

Snæfellsjökull frá Djúpalónssandi.



Sandströndin í Skarðsvík.

arins liggur vegslóði að bílastæði við Írskrabrunn. Stutt, stikuð leið er á milli Írskrabrunns og Gufuskálavara. Í vörinni má greinilega sjá för eftir kili báta.

Við sjóinn: Leiðin milli Djúpalónssands og Dritvíkur er vinsæl og auðveld. Á Djúpalónssandi eru steintök sem vermenn reyndu afl sitt á og í Dritvík bjuggu áður 200–600 manns hluta úr ári, yfir fiskveiðitímann.

Dýralíf: Fuglalífð er fjölbreytt og sjófuglar ríkjandi. Þúfubjarg og Saxhólsbjarg eru aðgengileg fuglabjörg en mikilvægt er að gæta fyllstu varúðar! Þegar gengið er með ströndinni má búast við að sjá seli, þó þeir séu ekki í stórum hópum og frá Öndverðarнесi má stundum sjá háhyrninga.

Gönguferðir með leiðsögn: Yfir sumar-tímann bjóða landverðir upp á reglulegar gönguferðir með leiðsögn.

Snæfellsjökull og jarðminjar: Snæfellsjökull gnæfir tignarlega yfir Þjóðgarðinn og í hlíðum hans eru hraun og augljós merki um eldvirkni. Hraunmyndanirnar eru margbreytilegar og heillandi og á svæðinu er ráðlagt að fara ekki um hellana nema í fylgd með kunnugum. Jökullinn er talinn vera ein mesta uppspretta kynngimagnaðra og dulúðlegra krafta í heiminum. Listamenn, skáld og rithöfundar hvaðanæva að sækja þangað innblástur í verk sín og svæðið hef-

ur mikið gildi fyrir eldfjallarannsóknir.

Vítar: Í Þjóðgarðinum eru þrjár vítar sem gaman er að skoða: Á Malarrífi (1917), Svörtuloftum (1930) og Öndverðarнесi (1973).

Sérstakar uppkomur: Yfir háannatíma (júlí–ágúst) er boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir gesti, t.d. gönguferðir með leiðsögn, kvöldgöngu við sumarsólstöður og sérstaka dagskrá fyrir börn. Þátttaka er ókeypis. Ef þess er óskað getur Þjóðgarðsvörður (sími +354 436 6860) skipulagt gönguferðir eða aðrar uppkomur fyrir hópa.



GISTING

Snjófell, Arnarstapa. Gistiheimili. Tjaldstæði með salerni og baðaðstöðu. Upplýsingar á www.snjofell.is. Símar

+354 435 6783, +354 854 5150, +354 852 9078. Hótel Búðir, Búðum. Glæsilegt hótel. Upplýsingar á www.budir.is. Sími +354 435 6700.

Hótel Hellissandur, Hellissandi. Hótel opið yfir sumartímann. Upplýsingar á www.hoteledda.is. Sími +354 430 8600.

Hótel Hellnar, Hellnum. Gistiheimili. Vottað af GREEN GLOBE 21 árið 2002, umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs árið 2000 og 2004. Upplýsingar á www.hellnar.is. Sími +354 435 6820.

H-Hús Láruvík, Ólafsvík. Gistiheimili. Símar +354 436 6924 og +354 894 9284.

H-Hús Vesturvör, Arnarstapa. Sumarhús. Símar +354 436 6924 og +354 894 9284.

Hótel Ólafsvík, Ólafsvík. Hótel opið allt árið. Upplýsingar á www.hotelolafsvik.is. Sími +354 436 1650.

Hruni, Hellissandi. Sumarhús til leigu allt árið. Símar +354 436 6644 og +354 896 3644.

Tjaldstæði á Hellissandi með salernisaðstöðu. Tjaldstæði í Ólafsvík með salernisaðstöðu og sturtum.



MATUR

Í Þjóðgarðinum eru ekki kaffihús eða veitingarstaðir en í nágrenninu má finna eftirfarandi:

Arnarbær, Arnarstapa þar sem hægt er að fá ýmiss konar mat, bæði kjöt og fisk. Á sunnudögum yfir sumartímann er boðið upp á kaffihlaðborð. Sími +354 435 6783.

Hótel Búðir, Búðum. Kaffihús og veitingastaður. Á kaffihúsinu er hægt að fá léttu rétti og kökur en veitingastaðurinn er þekktur fyrir forrétti úr staðbundnu hráefni, frábæra fiskirétti og ljúffenga eftirrétti. Sjá nánar www.budir.is. Sími +354 435 6700.

Fjörúhúsið, Hellnum. Lítið og skemmtilegt veitingahús niður við fjöru. Þar er hægt að fá frábæra fiskisúpu, léttu rétti og kökur. Sími +354 435 6844.

Pakkhúsið, Ólafsvík. Kaffisala. Nánari upplýsingar á www.snb.is/pakkhus. Sími +354 436 1543.

Hótel Ólafsvík, Ólafsvík. Kaffisala og veitingastaður. Nánari upplýsingar á www.hotelolafsvik.is. Sími +354 436 1650.

Hótel Hellissandur, Hellissandi. Kaffisala og veitingastaður. Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is. Sími +354 430 8600.



ANNAÐ ATHYGLISVERT Í NÁGRENNINU

Í nágrenninu eru friðlönd og náttúruvætti sem vert er að skoða (www.ust.is), einnig er áhugavert að fara í hvalaskoðun (www.saeferdir.is). Utan Þjóðgarðs og í nærliggjandi bæjarfélögum eru margvíslegir afþreyingarmöguleikar, til dæmis söfn og sundlaugar. Upplýsingaskrifstofur ferðamála veita allar nánari upplýsingar. Einnig er vert að benda á heimasíðurnar www.west.is, www.snb.is, www.stykkisholmur.is, og www.grundarfjordur.is.

Álkur *Alca tarda*.



Friðlandið á Hornströndum er á nyrsta hluta Vestfjarða, um 400 km fyrir norðan Reykjavík.

Hvernig kemstu þangað?

Einfaldast er að komast í friðlandið á bát frá Bolungarvík, Ísafirði, Norðurfirði og Hólmavík. Upplýsingar um ferðir báta er að finna á www.vesturferdir.is. Aðal leiðin til Hólmavíkur, Ísafjarðar og Bolungarvíkur liggur um Þjóðveg nr. 61, sem liggur út frá Þjóðvegi 1. Vegur nr. 643 liggur frá vegi nr. 61 til Norðurfjarðar. Yfir háannatímamann eru skipulagðar rútuferðir frá Reykjavík til Ísafjarðar og Hólmavíkur, www.bsi.is og flugið er reglulega til Ísafjarðar, www.flugfelag.is, sími +354 570 3030.

Heimilisfang

Friðland á Hornströndum
Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsið
P.O.Box 56
400 Ísafjörður
Sími: +354 450 8000 Fax:
+354 450 8008
www.ust.is
Netfang: info@isafjordur.is

Áhugaverðar vefsíður

www.vesturferdir.is
www.vestfirdir.is
www.westfjords.is

Viltu vita meira?

Bæklingur um friðland á Hornströndum, gefinn út af Umhverfisstofnun er fáanlegur á stofnuninni (www.ust.is).

Gönguleiðakort: Hornstrandir, gefið út af Landmælingum Íslands (www.lmi.is).

Hornstrandir – stórbrotið og afskekkt landsvæði, eyðibýggðir, gríðarstór fuglabjörg og áhugavert dýralíf



Jóhann Óli Hilmarsson

Hælavíkurbjarg.

Friðlandið á Hornströndum er afskekkt svæði sem einkennist af djúpum fjörðum, tignarlegum fjöllum og gríðarstórum fuglabjörgum sem iða af fuglalífi. Svæðið er paradís náttúruunnenda, göngumanna, fuglaskoðara og þeirra sem vilja njóta friðsældar. Á hverju sumri eru aðeins um 4.000 manns sem heimsækja friðlandið, meðal þeirra eru landeigendur sem dvelja í sumarhúsum sínum.

Á Hornströndum hafa náttúra og mannlíf verið nátengd um aldir og áður fyrr var svæðið nokkuð þéttbýlt. Byggt á Hornströndum var farin að dragast saman þegar Þjóðfélagsbreytingar urðu þess valdandi að byggðin fór í eyði á stríðsárunum eða stuttu síðar. Landið er í einkaeign að mestu og landeigendum

eru tryggðar hefðbundnar nýttjar. Í friðlandinu eru nokkrir tugir húsa, bæði gömlu bæjarhúsin uppgerð og ný sumarhús.

Þjónusta: Í friðlandinu er þjónusta af mjög skornum skammti og verða gestir svæðisins að vera viðbúnir því.



Hornbjarg, hæsti tindurinn er 534 m.

Afskekkt svæði: Hornstrandir búa yfir töfrum sem felast í því hvað svæðið er afskekkt. Þar eru engir vegir, rafmagn, sími eða far-símaþjónusta. Í þannig aðstæðum er auðvelt að ímynda sér þær harðneskjulegu aðstæður sem fólk þurfti að takast á við þegar byggð var á svæðinu.

Eyðibýggðir: Áður fyrr bjó fólk í næstum hverjum firði og hverri vík og menningarminjar finnast víða.

Hesteyri er fallett þorp sem hefur haldið einkennum sínum. Árið 1894 var þar byggð hvalstöð og þorpið þróaðist í tengslum við þá starfsemi. Seinna var stöðinni breytt í sildarverksmiðju. Sildin hvarf hins vegar

skyndilega árið 1940 og þá hófu íbúar að leita eftir lífsviðurværi annars staðar. Rústir verk-smiðjunnar eru enn mjög áberandi.

Það er einnig áhugavert að skoða gömlu þorpin að Sæbóli og Látrum. Íbúarnir þar stunduðu hefðbundinn búskap en fiskveiðar voru þó mikilvægari eins og annars staðar á svæðinu. Þarna er í dag nokkuð þétt byggð frístundahúsa.

Eyðifirðirnir Furufjörður, Hrafnfjörður og Veiðileysufjörður og vikurnar Fljótavík, Hlöðuvík, Hornvík og Bolungarvík eru líka vinsælir áfangastaðir.

Gönguleiðir: Friðlandið er paradís göngu-fólks og eina leiðin til að skoða það er fót-gangandi. Þarna njóta menn veru sinnar á afskekktu og einangruðu landsvæði og þurfa að nota kunnáttu sína og skynsemi til hins ýtrasta. Margar gönguleiðir eru á svæðinu en þær eru ekki alltaf sjáanlegar því í sumum tilvikum, sérstaklega í brekkum, eru þær huldar bak við steina og skriður. Sumar leiðir eru merktar með vörðum eða stikum.

Mikilvægt er að hafa í huga að það getur verið erfitt að ganga á Hornströndum og því er ekki mælt með því að fólk fari þangað nema í hópum. Nauðsynlegt er að hafa með gott kort af svæðinu. Einnig er nauðsynlegt að vera meðvitaður um að veður er breyti-

legt, t.d. er þoka algeng og ekki er óhugsandi að fólk upplifi hitastig vetrar í júlí.

Náttúran: Svæðið hefur verið alfríðað fyrir beit í nokkra áratugi. Dæmi um fallegar plöntur í friðlandinu eru baunagras *Lathyrus japonicus* og bláililja *Mertensia maritima*, sem eru við ströndina. Mikil snjóalög gera það að verkum að land er að koma undan snjó allt sumarið. Gróður er því alltaf viðkvæmur fyrir traðki.

Refur *Alopex lagopus* er algengur á svæðinu og oft má sjá seli við ströndina. Mikilvægustu staðirnir til fuglaskoðunar eru fuglabjörgin Hornbjarg, Hælavíkurbjarg og Riturinn með gnægð sjófugla.

Ferðir með leiðsögn: Boðið er upp á margskonar gönguferðir með leiðsögn, venjulega í 4–8 daga, sjá www.fi.is, www.utivist.is og www.vesturferdir.is, sem einnig býður upp á dagsferðir og bátsferðir inn á svæðið. Nánari upplýsingar um ferðalög með leiðsögn má fá hjá upplýsingamiðstöðvum ferðamanna á Ísafirði, www.vesturferdir.is, og Hólmavík, www.holmavik.is/info.



GISTING

Í friðlandinu:
Hesteyri. Svefnpokagisting. Sími
+354 456 7183.

Hornbjargsviti. Svefnpokagisting. Tjaldstæði.

Upplýsingar á www.islandia.is/ovissuferdir.

Símar +354 566 6752, +354 892 5219 og

+354 852 5219.

Bolungarvík. Svefnpokagisting. Tjaldstæði. Símar

+354 456 7192 og +354 852 8267.

Einföld tjaldstæði án þjónustu eru á Hesteyri,

Sæbóli, Látrum, Fljótavík, Hlöðuvík, Hornvík,

Bolungarvík og Furufirði.

Í nágrenninu:

Grunnavík. Svefnpokagisting. Tjaldstæði.

Upplýsingar á www.grunnavik.is. Símar

+354 456 4664 og +354 848 0511.

Dalbær, Snæfjallaströnd. Svefnpokagisting,

uppábúin rúm. Tjaldstæði. Vegatenging. Símar

+354 897 6872 og +354 456 2660.

Reykjafjörður. Svefnpokagisting. Tjaldstæði. Sund-

laug. Símar +354 456 7215 og +354 853 1615.

Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á Ísa-

firði (www.vesturferdir.is) og Hólmavík

(www.holmavik.is/info) veita nánari upplýsingar

um gistingöguleika á svæðinu.



MATUR

Í friðlandinu eru hvorki veitinga-
staðir né verlanir svo taka þarf allt
sem maður þarfnast með sér. Yfir

sumarmánuðina er kaffihús opið á Hesteyri.

Á Ísafirði, Hólmavík og öðrum bæjum í

nágrenninu eru nokkrir notalegir veitinga-

staðir. Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna

á Ísafirði (www.vesturferdir.is) og Hólmavík

(www.holmavik.is/info) veita nánari upplýsingar.

Refur *Alopex lagopus* konungur Hornstranda.

ANNAÐ ATHYGLISVERT Í NÁGRENNINU

Vestfirðir hafa upp á margt að
bjóða. Til dæmis er haldin útihátíð

á Ísafirði í júlí ár hvert, Útilífveran (Outdoor

Creatures), sjá www.utilifveran.is. Mælt er með

því að ferðamenn setji sig í samband við upp-

lýsingamiðstöðvar ferðamanna til að fá upplý-

ingar um hvað er að gerast á svæðinu. Einnig

er hægt að heimsækja www.vesturferdir.is og

www.holmavik.is/info.



Gengið á ströndinni í Aðalvík.



Friðland að Fjallabaki er á sunnanverðu miðhálandi Íslands um 180 km austan Reykjavíkur.

Hvernig kemstu þangað?

Aðalleiðin inn í friðlandið er vegur F208 sem liggur frá Sprengisandsleið (F26). Einnig er hægt að komast þangað um Landveg (F225) og um fjallveg F208 með því að fara út frá hringveginum (nr. 1) austan Víkur. Sjá upplýsingar um ástand fjallvega á www.vegagerdin.is og veður á www.vedur.is. Skipulagðar rútuferðir í Landmannalaugar eru frá Reykjavík, þjóðgarðinum Skaftafelli og Mývatni.

Heimilisfang

Friðland að Fjallabaki
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: +354 591 2000
www.ust.is
Netfang: ust@ust.is

Áhugaverðar vefsíður

www.southiceland.com
www.sudurland.net/info
www.fi.is
www.landmannalaugar.info
www.visiticeland.com

Viltu vita meira?

Bæklingur um friðland að Fjallabaki, gefinn út af Umhverfisstofnun er fánlegur á stofnuninni (www.ust.is).

Gönguleiðakort: Þórsörk-Landmannalaugar: Sérkort gefið út af Landmælingum Íslands (www.lmi.is) og Fjallabak, Hekla, Laki: Sérkort gefið út af Máli og menningu (www.malogmenningu.is).



Jóhann Óli Hilmarsson

Litríkt náttúra.

Fjallabak – litríkt fjallalandslag mótað af eldvirkni og jarðhita, óbyggðir

Friðland að Fjallabaki er á hálandi Íslands í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið einkennist af fjölda stórskorinna fjalla, djúpum dölum, eldfjöllum og jarðhitavirkni, eins og hverum og heitum laugum. Hraunbreiður, víðáttumiklir sandar, ár og vötn eru einnig áberandi. Í suðurhluta friðlandsins er stórt, tilkomumikið og mjög litríkt líparítvæði. Í friðlandi að Fjallabaki er jafnframt hluti af stærsta jarðhitasvæði landsins Torfajökulssvæðið.

Friðlandið var stofnað í þeim tilgangi að vernda verðmætar jarðmyndanir, dýralíf og gróðurfar en einnig til að stuðla að ánægjulegri upplifun þeirra sem koma á svæðið í leit að friðsæld og ögrun villtrar náttúru.

Þjónusta: Bílastæði, tjaldstæði, gisting í skálum, útigrið, salerni (einnig fyrir fatlaða), upplýsingar fyrir ferðamenn, skilti við

gönguleiðir, upplýsingaskilti, hestaleiga, veiðileyfi.

Gönguleiðir: Friðland að Fjallabaki hentar vel til gönguferða. Finna má gönguleiðir við allra hæfi, stuttar og langar. Frá Landmannalaugum er vinsælast að ganga á tind Bláhnúks 940 m (1–2 klst.) og að gufuhverunum við Brennisteinsöldu 855 m (1–2 klst.), en báðir staðirnir eru einkennandi fyrir svæðið.

Aðrar áhugaverðar leiðir eru meðal annars um Háöldu 1089 m (4–6 klst.), umhverfis Frostastaðavatn (2–3 klst.), Suðurnámur 951m (1 klst.) og Brandsgil (1–2 klst.). Nauðsynlegt er að fara eftir góðu gönguleiðakorti og halda sig á merktum gönguleiðum því auðvelt er að villast. Mikilvægt er að vera í góðum gönguskóm og hlýjum fótum, því jafnvel á sumrin getur verið kalt og veður getur breyst mjög skyndilega. Rétt er að láta ávallt vita um ferðir sínar og ef einhver vandamál koma upp er sjálfsagt að hafa samband við landvörð í Landmannalaugum.

Gönguferðir með leiðsögn: Ferðafélag Íslands (www.fi.is) og Ferðafélagið Útivist (www.utivist.is) bjóða upp á margskonar gönguferðir með leiðsögn um svæðið að Fjallabaki. Ein vinsælasta leiðin er “Laugavegurinn”, fimm daga gönguleið frá Landmannalaugum um eitt litríkasta líparit svæði landsins, til Þórsmerkur sem er töfrandi staður milli þriggja jökla.

Heit böð: Hægt er að baða sig í heitu lindunum í Landmannalaugum.

Veigar: Vötnin í friðlandinu eru þekkt fyrir silung og eru því vinsælir veiðistaðir. Hægt er að kaupa veiðileyfi að Skarði sem er bújörð

í Holta- og Landsveit, í versluninni í Landmannalaugum eða hjá umsjónarmönnum í Landmannalaugum og Landmannahelli.

Útreiðar: Fyrir þá sem eru áhugasamir um íslenska hesta er hestaleigan Hraunhestar starfrækt í Landmannalaugum frá 1. júlí og yfir háannatímamann. Boðið er upp á mislanga reiðtúra með leiðsögn um tilkomumestu svæðin við Landmannalaugar.

Hlaup: Í júlí á hverju ári er fjallamarþon á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Heildarvegalengdin er um 55 km. Leiðin liggur að mestu um sanda, mól, gras, snjó og ís og vaða þarf læki og ár. Yfir eitt hundrað hlauparar taka þátt í hlaupinu hverju sinni. Upplýsingar á www.marathon.is.

Annað áhugavert: Fólk sem kemur í friðlandið á eigin bíl hefur möguleika á að aka um svæðið. Það er þekkt fyrir fagurt og litríkt landslag og þess vegna áhugavert fyrir tómstunda- eða atvinnuljósmyndara. Svæðið er athyglisvert fyrir fuglaskoðara því búast má við að sjá tegundir á borð við himbrima *Gavia immer* á Frostastaðavatni og Kirkjufellsvatni. Grasafræðingar ættu einnig að finna eitthvað við sitt hæfi því í nálægð við heitu uppspretturarnar er tegundafjölbreytni



Jóhann Óli Hilmarsson

Íshellir við Hraftinnusker.



Snevarr Guðmundsson

Gengið í Landmannalaugar.

plantna mikil, en yfir 150 plöntutegundir hafa verið skráðar í friðlandinu.



GISTING

Gisting í Friðlandi að Fjallabaki: Landmannalaugar, fjallaskáli og tjaldstæði. Salernis- og

sturtuðstaða. Upplýsingar á www.fi.is.

Sími +354 568 2533.

Hraftinnusker, fjallaskáli. Upplýsingar á

www.fi.is. Sími +354 568 2533.

Landmannahellir, fjallaskáli og tjaldstæði.

Salernis- og sturtuðstaða. Upplýsingar á

www.landmannahellir.is. Sími +354 853 8407 og

+354 893 8407.

Gisting utan Friðlands að Fjallabaki:

Hálendismiðstöðin Hrauneyjum, Hótel Hálend.

Upplýsingar á www.hrauneyjar.is. Sími

+354 487 7782.

Hólaskógur, fjallaskáli. Einnig tjaldstæði með

salernisaðstöðu. Sími +354 820 8784.

Áfangagil, fjallaskáli. Upplýsingar á

www.afangagil.info. Sími +354 845 9500.

Hólaskjól, fjallaskálar. Einnig tjaldstæði með

salernisaðstöðu. Símar +354 854 9977 og

+354 894 9977.

Upplýsingamiðstöð Suðurlands

(www.sudurland.net/info) veitir frekari upp-

lýsingar um gistingumöguleika á svæðinu.



MATUR

Í friðlandinu eru hvorki veitingastaðir né verslanir sem opnar eru að staðaldri. Yfir sumarmánuðina

er lítil verslun starfrækt í Landmannalaugum, í tveimur gömlum skólarútum sem þangað er ekið á sumrin. Í versluninni er fyrst og fremst hægt að kaupa helstu nauðsynjar. Upplýsingar á www.landmannalaugar.info.

Hálendismiðstöðin Hrauneyjum er utan friðlands en þar er veitingastaður og söluturn. Hún er staðsett við vegamót Sprengisandsleiðar F26 og Landmannalaugavegar F208. Upplýsingar á www.hrauneyjar.is. Sími +354 487 7782.



Jóhann Óli Hilmarsson

Himbrima *Gavia immer* sýnir sig.

ANNAÐ ATHYGLISVERT Í NÁGRENNINU

Friðland að Fjallabaki er á hálendi Íslands og afþreyingarmöguleikar á svæðinu taka mið af því. Meðal staða utan friðlands sem vert er að heimsækja eru: Þórsmörk, fallett svæði með stórskornum fjöllum, jöklum, jökulám og smávöxnum birkiskógi. Eldgjá, sem er 40 km löng, 600 m breið og mjög djúp eldsprunga sem myndaðist í eldgosi árið 900; Hekla, virkt eldfjall og eitt af frægustu fjöllum í heimi. Hægt er að fara í skipulagðar ferðir til allra þessara staða. Upplýsingaskrifstofur ferðamanna gefa allar nánari upplýsingar.



Snevarr Guðmundsson

Ljótípollur er falletgur gígur.



Folgefonna þjóðgarðurinn er í Hordalandsfylki á suðvesturströnd Noregs. Í þjóðgarðinum eru fjögur verndarsvæði.

Hvernig kemstu þangað?

Þú kemst til Folgefonnaskagans með bíl, rútu eða bát. Austur af Osló er ekið eftir vegi E 134 yfir Haukelíffjell. Fyrir sunnan Kristiansand er farið um þjóðveg 9 í gegnum Setesdalen til Haukeli og síðan eftir E 134 til vesturs. Sunnan við Stavanger / Haugesund er þjóðvegi 134 fylgt í átt að Skånevik eða Odda og vestan við Bergen er ekið eftir þjóðvegi 7 til Hardanger. Fyrir norðan Voss er þjóðvegi 13 fylgt í norðaustur á þjóðveg 7 yfir Hardangervidda. Til þess að komast frá austri til vesturs á Folgefonnaskaganum má fara um Folgefongngöngu sem liggja frá Eitreim til Gjerde.

Heimilisföng

Áfangastaðurinn Hardangerfjord, sími: +47 56553870
www.hardangerfjord.com

Áfangastaðurinn Folgefonna, sími: +47 53480040,
www.folgefonna.net

Folgefonna þjóðgarðsmiðstöð (maí-sept), sími: +47 53484280,
www.folgefonna.info

Jondal upplýsingamiðstöð, sími: +47 53668531/53669500,
www.jondal.no

Upplýsingamiðstöð í Ullensvang, sími: +47 53661822 (sumar Utne), +47 53663112,
www.visitullensvang.no

Upplýsingamiðstöð í Odda, sími: +47 5365 4000,
www.visitodda.com

Upplýsingamiðstöð í Etne, sími: +47 53758000,
www.etne.kommune.no

Folgefonna þjóðgarður – frá firði til fannar

Í þjóðgarðinum Folgefonna er þriðji stærsti jökull í Noregi og sá sem næstur er sjó. Náttúran er tilkomumikil og fögur og einkennist af fjörðum, fjöllum, grænleitum ám, vötnum og jöklum. Folgefonnaskaginn er einn allra mikilvægasti ferðamannastaðurinn í Noregi og er oft tengdur við glæsilega þjóðbúninga, þjóðlagatónlist og ávaxtatré í fullum blóma. Umhverfið er fjölbreytt og möguleikarnir til að upplifa náttúru og menningu margvíslegir.

Þjóðgarðurinn Folgefonna nær yfir næstum 550 km² svæði í Hordalandsfylki í strandhéruðum suðvestur Noregs. Jökullinn, með sína fögru og stórbrotnu skriðjökla, nær yfir næstum helming þjóðgarðsins. Svæðið umhverfis jökulinn er spennandi og fjölbreytt með fjöllum og ám, vötnum, fjörðum og blómlegum hlíðum. Þarna hafa verið ræktaðir ávextir síðan á 13. öld. Gróðurfarið í Hardanger þekja margir ferðamenn vel. Snemmsumars er gaman að horfa frá hvíttri jökulbreiðunni eftir grænum hlíðum dalanna þar sem ávaxtatré dafna, – fögur og mótsagnakennd sjón. Menning byggðarlagsins er í fullum blóma og einkennist af Hardangursaumi, þjóðdansi og fíðlutónlist. Barónsdæmið Rosendal frá 17. öld er einnig hluti af menningarlandslaginu.

Lífríki: Lífríki þjóðgarðsins er fjölbreytt, jafnvel þó að stærsti hluti svæðisins einkennist af ófrjóum og næringarsnaudum jarðvegi. Það er meðal annars þess vegna sem plöntur eins og klettafrú og pamírvöndur vaxa í mörgum dölum á svæðinu. Flökkudýr eins og gaupa og jarfi finnast þarna og að auki lifir stærsta hjartarhjörð Noregs á Folgefonnaskaganum. Af fuglategundum má nefna rjúpu og gullörn.



Kjartan Nielsen Fris

Útsýni frá Bondhusbreen.

Gönguleiðir: Margir göngu- og fjallastígar liggja um þjóðgarðinn og hafa sumir þeirra verið notaðir í margar aldir. Hægt er að gista í tjöldum en einnig er hægt að leigja fjóra fjallakofa, Fonnabu, Breidablikk, Holmaskjer og Sauabreytta. Kofarnir eru opnir allt árið. Í austurhluta þjóðgarðsins liggur gömul leið, Riderstien, milli Odda og Holmaskjer, og í vestanverðum þjóðgarðinum liggur Keiserstien frá Bondhusdalen til Breidablikk. Báðar leiðirnar eru mörg hundruð ára gamlar og eru dæmi um vel skipulagðar og merktar leiðir.



Kjartan Nielsen Fris

Það tekur 5–6 klukkustundir að ganga hvora leið fyrir sig. Ef gengið er yfir jökulinn er skylt að vera í fylgd leiðsögumanns.

Merktur göngustígur liggur meðfram jöklinum og yfir fjallið á milli Krossdalen og Reisetser og tekur gangan um 7-8 klukkustundir.

Skipulagðar ferðir á svæðinu: Á vorin eru skíðaferðir á jökulinn sérstaklega vinsælar og einnig er vinsælt að fara í gönguferðir á jöklinum eða í ísklifur með leiðsögumanni. Margar ferðaskrifstofur bjóða upp á slíkar ferðir. Þá er boðið upp á ýmiss konar gönguferðir um þjóðgarðinn með leiðsögumanni, útreiðatúra, klettaklifur og einnig er hægt að leigja kajak. Þá er margvísleg starfsemi í gangi yfir vetrartímam. Hafið samband við upplýsingamiðstöðvar ferðamanna til að fá frekari upplýsingar. Fyrir þá sem aldrei fá nóg af skíðum og snjó er Folgefonna góður valkostur sem sumarskíðastaður. Sími: +47 53668028, www.folgefonna.no.

Hægt er að upplifa menningu svæðisins á margan hátt. Meðal annars er boðið upp á ferðir í ávaxtagarðana þar sem hægt er að taka þátt í framleiðslu á eplasafa og kynnast sögu svæðisins. Að auki er hægt að upplifa listræna viðburði úti í náttúrunni, t.d. listsýningar, tónlist og dans. Í sumum ávaxtagarðanna er einnig boðið upp á gistingu og þjónustu. Hafið samband við upplýsingamiðstöðvar ferðamanna til að afla frekari upplýsinga. Einnig er hægt að fá upplýsingar um hinar ýmsu verslanir, lista- og handiðnaðarverkstæði og málverkasöfn sem áhugavert er að heimsækja.

Höfuðstöðvar þjóðgarðsins: Höfuðstöðvar þjóðgarðsins Folgefonna eru miðsvæðis í Rosendal. Þar er hægt að lesa um náttúru, jarðfræði og menningu svæðisins. Sýningar eru ókeypis nema í skipasmíðasafninu. Að auki eru höfuðstöðvarnar upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og netkaffihús. Sími: +47 53484280, www.folgefonna.info.

Aðrir áhugaverðir staðir á svæðinu: Steinparken er miðsvæðis í Rosendal. Þar er að finna ýmsar tegundir steina úr þjóðgarðinum. Steinarnir hafa verið slípaðir til þannig að gerðir þeirra og margvíslegir litir koma í ljós. Þetta er áhugaverður staður fyrir börn sem og fullorðna.

Barónsdæmið Rosendal liggur fyrir utan þjóðgarðinn og er það eina barónsdæmið sem Noregur hefur átt. Höllin er frá 17. öld, þar er fagur rósagarður. Barónsdæmið er sérstakur

menningararfur Noregs og aðráttarafi ferðamanna er sækja Noreg heim. Kvinnherad kirkja er steinkirkja frá árinu 1250 og tilheyrir hún barónsdæminu. Sími: +47 53482999, www.baroniet.no.

Í byggðasafni Hardanger á Utne, á norður-enda Folgefonnskagans, eru hinar ýmsu sýningar, þar á meðal um atvinnu-, byggða- og menningarsögu Hardangersvæðisins. Sími: +47 53670040, www.hardanger.museum.no.

Í Tyssdal er vatnsorku- og iðnaðarsafn. Þar eru fræðandi sýningar um upphaf norska orkuævintýrisins. Orkuverið er friðað, sími: +47 53650050, www.nvim.no.

Ullenvangskirkja og Æneskirkja eru báðar steinkirkjur frá 13. öld sem þess virði er að skoða.

Agatunet er stærsta friðlýsta sveitabörpið í Noregi, menningarsöguleg perla með hina 750 ára gömlu byggingu, lögmannsstofuna, sem er hin eina sinnar tegundar í Noregi. Húsaþyrpingin var upphaflega 80-90 hús í lok 13. aldar. Sími: +47 53662214, www.agatunet.no.

Í laxagarðinum Ænes er hægt að leigja búnað til fiskveiða og til matreiðslu á veiðinni. Veiðimöguleiki er nokkur. Þarna er að auki sæðyrasafn og ýmsar sýningar. Sími: +47 53484571, www.lakseparcken.no.

Tveir fallegustu fossar svæðisins eru Låtefossen suður af Odda og Langfoss í suðurhlíðum Ákrafjorden.

Í hverju bæjarfélagi eru áhugaverðir staðir sem byggja á náttúru, menningu, afþreyingu, mat og möguleikum til andlegs þroska og hvíldar. Hafið samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá frekari upplýsingar.

Fiskveiði: Á Folgefonnskaganum er fjöldinn



GISTING

Á Folgefonnskaganum er fjöldinn allur af stöðum þar sem hægt er að gista. Verð og gæði eru mismunandi og er hægt að finna eitthvað sem hentar öllum. Þarna er allt frá gömlum virðulegum hótélum og gistihúsum í hefðbundnum byggingarstíl til tjaldstæða og fjallakofa. Barónsdæmið Rosendal Avlsgård og Fruehus eru dæmi um gististaði sem eru áhugaverðir vegna hefða og bygginga frá miðri 19. öld. Hafið samband við upplýsingamiðstöð svæðisins til að fá frekari upplýsingar um gistingu eða skoðið www.hardangerfjord.com og www.folgefonna.net.



Knut Strand/Bergens Tidende

Buer í Odda.



Björn Moe

Klettafrú *Saxifraga cotyledon* fyrir framan Bondhusvatnið.

allur af fiskivötnum og ám með laxi og sjóurríða. Veiðileyfi er hægt að kaupa á svæðinu, meðal annars í kjörbúðum. Öllum er frjálst að veiða í firðinum. Skotveiðimenn gætu haft áhuga á þátttöku í hjartarveiði.



MATUR

Á mörgum bóndabæjum er ferðarþjónusta þar sem boðið er upp á mat. Margir leggja áherslu á að nota hráefni og matarhefðir svæðisins. Eitt af því sem selst best í verslunum bóndabæja og í þjónustuverslunum er pönnukaka sem kallast krotakake. Þá er ljúffengt að fá sér hakkesteik eða brudesteik, úr bygggrjónum og hökkuðu reyktu kjöti. Ákrafjordpýlsan, sérstök pylsa aðallega gerð úr geitakjöti, er einnig afar ljúffeng. Með góðum mat verður að vera eitthvað gott að drekka, t.d. eplavín. Enn fremur má finna kaffihús, krár og fína veitingastaði um allt á Folgefonnskaganum. Gististaðirnir bjóða margir hverjir einnig upp á mat. Hafið samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna eða skoðið www.hardangerfjord.com og www.folgefonna.net til að fá frekari upplýsingar.



Geiranger-Herdalen er í Vestur-Noregi. Svæðið er verndað vegna einstaks landslags og er á heimsminjaskrá UNESCO.

Verndarsvæðið er hluti af fjarðalandslagi fylkjanna Møre og Romsdal í Vestur-Noregi.

Hvernig kemstu þangað?

Ef komið er frá Austur-Noregi er ekið eftir Þjóðvegi 15 eftir Ottadalen í átt að Geiranger. Þegar komið er upp á fjallið er Þjóðvegi 63 fylgt til Geiranger. Á veturna er sá vegur lokaður og þá þarf að fara í gegnum Stryn. Einnig er hægt að fljúga til Ålesund og lenda þar á Vigra flugvelli, halda áfram með kynnisbátum Nordic Queen, strandferðaskipum Hurtigruta eða með bíl eða rútu og ferju frá Linge til Eidsdal. Á sumrin ganga einnig ferjur frá Hellesylt til Geiranger og frá Geiranger til Valldal.

Heimilisföng

Áfangastaðurinn Geirangerfjord Trollstigen.

www.visitgeirangerfjorden.com

Geiranger upplýsingamiðstöð,

sími: +47 70263099,

www.geiranger.no

Hellesylt upplýsingamiðstöð,

sími +47 70263880,

www.hellesylt.no

Stranda upplýsingamiðstöð,

sími: +47 70261450

Norddal ferðafélag,

sími: +47 70257767,

www.visitnorddal.com



Per Eide

Útsýnisstaðurinn Flydalsjuvet.

Geiranger-Herdalen – fjarðalandslag á heimsvísu

Geiranger-Herdalen er á heimsminjaskrá UNESCO. Svæðið einkennist af þröngum og djúpum fjörðum. Upp af þeim rísa þverhnipt björg sem ná 800–900 m hæð og stórkostleg fjöll, allt að 1600 m há með egghvössum brúnum, skriðjöklum og fallegum fossum. Víða eru gamlir bóndabæir og útihús sem bera vitni um lífið á svæðinu ekki alls fyrir löngu.

Geiranger er einn þekktasti og mest heimsótti ferðamannastaðurinn í Noregi. Svæðið nær til um 500 km² á vesturströnd Noregs. Firðirnir eru umkringdir snarbröttum fjallshlíðum, sem ná allt að 800-900 m

hæð, þar fyrir ofan er flatlendi sem teygir sig í átt að fjallstoppum sem eru í 1500-1600 m hæð yfir sjávarmáli. Í firðinum eru fossar sem falla úr allt að 1000 m hæð, þeirra þekktastir eru „De sju søstre“, „Brudesløret“

og „Friaren“. Firðirnir eru með stórkostlega fjölbreytt landslag og lífríki.

Menning: Samspið á milli náttúru og menningar gefur svæðinu ákveðin sérkenni og möguleikar til ýmiss konar upplifunar eru miklir. Þar spila menningarlandslag, bóndabæir og útihús stórt hlutverk. Í fjörðunum eru margir bóndabæir, flestir í eyði. Sumir eru neðarlega í fjallshlíðinni, en aðrir eru ofarlega og nánast hanga utan í klettasýllum. Hús og heimatún eru vitnisburður um lífið á bæjunum fyrir á tímum. Suma af þessum bóndabæjum er hægt að heimsækja og má þar nefna Herdalssætra, sem enn er í rekstri yfir sumartímann. Hafið samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá frekari upplýsingar.

Með bíl, rútu eða bát: Þeir sem koma akandi yfir fjöllin geta í góðu veðri fengið frábært útsýni yfir fjörðinn og umhverfi hans. Þetta er hins vegar ekki fyrir þá sem eru lofthréddir því vegirnir hlykkjast niður hlíðarnar á ótrúlegustu stöðum. Á sumrin er fjörðurinn mikilvæg samgönguleið því farþegaskip, ferjur og minni bátar sigla um allan fjörðinn.

Þéttbýli: Um allt svæðið eru þéttbýliskjarnar og eru þeir góðir upphafsstaðir gönguferða. Sunnanmegin í firðinum eru bæirnir Geiranger og Hellesylt, en norðanmegin eru Tafjord, Norddal og Eidsdal. Bæirnir hafa hver sín sérkenni en allir eiga þeir það sameiginlegt að íbúar þeirra eru gestrisnir og hjálpsamir og aðstoða við gistingu, gönguferðir og fleira.

Gönguleiðir: Frá þéttbýliskjörnunum, sem nefndir eru að framan, liggja margir göngustígar og geta upplýsingamiðstöðvar ferðamanna hjálpað til við að finna leiðir við hæfi. Margar leiðirnar eru merktar en þær eru mjög miserfíðar. Á erfiðustu leiðunum er mælt með að fólk fari í fylgd með vönum leiðsögumanni.

Fiskveiði: Svæðið er þekkt fyrir laxveiði, en einnig er vinsælt að veiða annan fisk í ám,



Lars Leifeldi

Bóndabærinn Herdalssætra.

vötnum og firðinum sjálfum.

Skipulagðar ferðir á svæðinu: Margvíslegir möguleikar eru á skipulögðum ferðum, með eða án leiðsögumanns. Flestar ferðirnar ganga út á að upplifa náttúruna, en einnig að kynnast menningu svæðisins.

Dæmi um skipulagða ferð er gljúfurganga, þar sem farið er um þröngt árgil, oft með beljandi ána fyrir neðan. Hægt er að ganga meðfram firðinum og jafnvel heimsækja einn bóndabæinn eða ganga á næsta fjallstind. Einnig er hægt að fara í flúðasiglingar, jöklaferðir, klifur eða kajaksiglingu. Þá er hægt að fara í útreiðatúr eða gera sér ferð í sundlaug. Þeir sem ekki eru lofthréddir geta farið í ferðir þar sem reynir á jafnvægi, klifurhæfileika og sterkar taugar. Sé áhugi á því að fara út fjörðinn er hægt að velja um marga möguleika, meðal annars kajaksiglingu, útsýnissiglingu eða leigja bát. Einnig er hægt að leigja reiðhjól. Hafið samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá nánari upplýsingar.

Markverðir staðir, söfn og útsýnisstaðir:

Tafjord kraftverkmuseum er orkuverasafn sem staðsett er í elsta af sjö orkuverum byggðarinnar. Starfsemin í Tafjord hófst árið 1923 en orkuverið var gert að safni árið 1989. Frá 20. júní til 10. ágúst er safnið opið frá klukkan 12 til 17. Sími: +47 70175600, www.tafjord.net/museum.


Í höfuðstöðvum Geiranger er hægt er að upplifa og kynnast því hvernig íbúar fjarðarins lifðu fyrir 100 árum. Þar fá menn að sjá hvernig hversdagslífið var og hvernig fólk tókst á við óblíða náttúru. Sími: +47 70261800, www.fjordsenter.info.

Syltekirkja er frá árinu 1863, Norddalkirkja



GISTING

Bæirnir í kringum Geirangerfjörðinn bjóða upp á margvíslega gistingu- og leika. Union hótel í Geiranger er hótel með yfir 100 ára gamlar hefðir. Annað einstakt hótel er Villa Utsikten sem staðsett er á fallegum stað í fjallshlíðinni yfir Geirangerfirði með glæsilegu útsýni yfir firði og fjöll. Fyrir þá sem eru ævintýrsgjarnari er mælt með bændagistingu eða leigu á fjallakofa, en þannig er hægt að upplifa forna bændamenningu. Svæðið býður líka upp á mikið úrval af tjaldstæðum og sumarhúsum, allt eftir smekk og efnu hvers og eins. Hafið samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá frekari upplýsingar eða skoðið www.visitgeirangerfjorden.com.



Arne Aasheim

Fossinn Brudesløret.

frá 1872 og Geirangerkirkja frá 1842. Allar eru kirkjurnar þess virði að skoða og eru þær opnar frá 15. júní til 15. ágúst.

Útsýnisstaðirnir Dalsnibba (1500 m) og Ørnesvingen, sem er hluti af leið sem skilgreind er sem áhugaverður ferðamannavegur í Noregi, eru markverðir staðir á svæðinu að ógleymdum útsýnisstaðnum Flydalsjuvet.



MATUR

Matarhefðir staðarins eru fjölbreyttar eins og landslagið, annað hvort er matreitt á hefðbundinn hátt eða eftir nýjustu aðferðum. Á Petrones Gjestgiveri í þorpinu Norddal er meðal annars hægt að fá kíðlingakjöt og heimager eplasaft. Upp á fjallinu er Herdalssætra, þar sem er hefðbundin bændamenning með bændamat. Fyrir utan þessa hefðbundnu staði er hægt að finna marga aðra matsölustaði, allt frá börum, kaffihúsum og pítsastöðum til finni veitingastaða. Hafið samband við upplýsingamiðstöð staðarins eða skoðið www.visitgeirangerfjorden.com til frekari upplýsinga.



Vegaeyjaklasinn, svæði á heimsminjaskrá

(ásamt verndarsvæðunum Lånan/Skjærvær, Lånan/Flovær og Skjærvær, Hysvær/Søla, Muddværet, Eidemsliene, Holandsosen og Kjellerhaugvatnet).

Vegaeyjaklasinn er í sveitarfélaginu Vega, úti fyrir strönd Helgelands í suðurhluta Nordland fylkis.

Hvernig kemstu þangað?

Fyrst er ekið með bíl eða rútu eftir þjóðvegi 17 til Brønnøysunds. Einnig er hægt að komast til Brønnøysunds með flugi eða ferju. Síðan er hægt að taka ferju frá Brønnøysund eða Sandnessjøen. Hringið í síma: +47 177 til að fá upplýsingar um ferðir.

Heimilisföng:

Vega upplýsingamiðstöð,
Gladstad.

Sími: +47 75035388/
+47 47907132,
post@visitvega.no,
www.visitvega.no.

Vegaeyjaklasinn – strandsamfélag á heimsminjaskrá UNESCO

Vegaeyjaklasinn er opið menningarlandslag þar sem mikið er um eyjar, hólma og sker. Þar hafa verið stundaðar veiðar í tíu þúsund ár. Landslagið er mótað af samspili manns og náttúru. Hið sérstæða og sjálfbæra sambýli fólks og t.d. æðarfuglsins hefur orðið til þess að UNESCO hefur valið Vegaeyjaklasann á heimsminjaskrá sína.

Vegaeyjaklasinn er 1037 km² að flatarmáli úti fyrir strönd Helgelands í suðurhluta Nordland fylkis. Við strönd stærstu eyjunnar, Vega, er að finna fjöldann allan af lágum eyjum og einstaka fjöll sem eru allt að 800 m há. Strandlandslag eins og þetta er fremur fágætt á heimsvísu.

Vegaeyjaklasinn varð hluti af heimsminjaskrá UNESCO árið 2004 en röksemdin fyrir skráningu svæðisins var eftirfarandi: „Vegaeyjaklasinn sýnir hvernig margar kynslóðir sjómanna hafa á síðustu 1500 árum stundað sjálfbæra nýtingu í harðgerðri náttúru nálægt heimsskautsbaug. Hin einstaka æðarrækt sem þarna er stunduð hefur verið aðalatvinnuvegur kvenna á svæðinu og með skráningu Vegaeyjaklasans á heimsminja-

skrá er framlag kvenna í starfseminni heiðrað“.

Grunnsævið við Vegaeyjaklasann er gott fæðuöflunarsvæði fyrir æðarfuglinn. Frá miðöldum hefur æðarfuglinn verið íbúunum kær „húsfugl“, eins og hann hefur reyndar verið með allri strönd Norður-Noregs. Byggð voru sérstök hús fyrir æðarfuglinn, þar sem nokkur þör geta legið örugg í skjóli á eggjum sínum. Þegar æðarfuglinn yfirgefur hreiðrið ásamt ungum sínum er hægt að safna saman dúninum og selja hann. Það voru oftast konurnar sem unnu það erfiða verk að hreinsa dúninn. Sú hefur að safna æðardúni til sængurframleiðslu lifir enn góðu lífi á mörgum eyjum á heimsminjasvæðinu. Aðferðir við vinnslu æðardúnsins eru þær sömu og áður en umfangið er mun minna.

Vikasjøen.

Lars Løfaldli



Fuglalíf: Fleiri tegundir fugla en æðarfugl verpa í Vegaeyjaklasanum. Samtals hafa verið skráðar 222 fuglategundir og er svæðið eitt hið mikilvægasta á Norðurlöndum fyrir vetursetu sjófugla. Þarna hvílir stór hluti af helsingjastofninum frá Svalbarða sig á leið sinni norður og á ystu skerjunum í vestri er stærsta varp dílaskarfa í heiminum. Til þess að vernda fuglalífið hafa verið stofnuð nokkur friðlönd á svæðinu og er bannað að fara í eyjar friðlandanna yfir varptímann.



Lars Løfdal

Bátsflak í hlutverki æðarhúss.



Lars Løfdal

Vallsjøen í kvöldsól.

Gönguleiðir: Í Vegaeyjaklasanum eru 15 gönguleiðir merktar með rauðmáludum stikum. Þar er einnig stígur sem liggur um margar fornminjar og leiðir fólk um sögu síðustu 10.000 ára. Hafði samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá frekari upplýsingar.

Veiðar: Í Vegaeyjaklasanum er unnt að stunda skot- og fiskveiðar. Rjúpna-, héra- og rádyraveiði er vinsæl, en einnig er eftirsótt að veiða fisk í vötnum, t.d. í Holmvatnet og Fersetvassdraget. Veiðileyfi er hægt að kaupa hjá „Sport og Fritidsstua“ í Gladstad, sími: + (47) 75 03 60 60.

Skipulagðar ferðir á svæðinu: Upplýsingamiðstöð ferðamanna skipuleggur gönguferðir til að skoða gróðurfar og siglingu um skerjagarðinn. Þar er einnig hægt að leigja kajak og reiðhjól. Auk þess eru skipulagðar ferðir sniðnar að þörfum ferðamanna.

Nokkrir ferðaþjónustuaðilar bjóða upp á gönguferðir og leigja út ýmis konar búnað til útivistar.

Boðið er upp á sjóstangaveiði á trillu og einnig er hægt að leigja bát. Hafði samband

við Sverre Nilsen eða Bjørn Hansen í síma: + (47) 41 56 98 59, eða upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Fyrirtækið Vega Havsport býður upp á ferðir með leiðsögn og upplifun í flestu því sem fólk óskar sér. Sími + (47) 47 25 22 28.

Litlir hópar geta leigt bát með leiðsögumanni hjá fyrirtækinu Tore Hansen skyssbáti til skoðunarferða um eyjarnar. Hafði samband í síma: + (47) 75 03 51 33.

Vinsælt er að fara í svokallað „eyjahopp“ á reiðhjól frá Brønnøysund. Hafði samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá upplýsingar.

Aðrir áhugaverðir staðir á svæðinu: E-huset er gömul vöruskemma á verslunarbyggjunni í Nes. Þar er nú safn þar sem saga æðarnytja er rakin. Að auki er þar verslun, þar sem hægt er að kaupa ýmsa handunna minjagrip.

Í byggðarsafninu er sýning þar sem rakin er mörg hundruð ára menningarsaga Vegaeyjaklasans. Þar má kynna lífi og nytjum sjómannsfjölskyldu á sjó og landi. Að auki má finna ýmislegt áhugavert um heims- og fornminjar frá steinöld.

Kystlaget, samtök sem hafa það að markmiði að hlúa að strandmenningu svæðisins, rekur safn á Vegstein þar sem áhersla er lögð á verslun, útvegsbændur og bátavélar.

Litla safnið, eða Det lille museet, er með sýningu á gömlum húsmunum frá seinni hluta 19. aldar.

Viða um Vegaeyjaklasann eru höggmyndir til sýnis en sumar eru þar tímabundið.



Lars Løfdal

Æðarfugl við æðarhús.



GISTING

Vega Havhotell í Viksås, staðsett í fjöruborðinu. Þar er megináherslan lögð á þægindi, umhverfi og góðan mat. Sími: + (47) 75 03 64 00, www.havhotellene.no.

Karistua á Kjul. Gisting í gamalli skólastofu sem innréttuð er sem frístundahús. Hentar vel fyrir tvær fjölskyldur. Árabátur fylgir með. Sími: + (47) 75 03 61 67.

Hjá Nes Bryggeferie er hægt að leigja vel útbúna íbúð við gamla bryggju. Lítil bátur fylgir með. Sími: + (47) 75 03 52 47.

Andersneset Rorbu og upplýsingamiðstöðin á Holand. Sími: + (47) 75 03 50 73/41 61 50 08. Kirkøy overnatting, Kirkøy. Sími: + (47) 75 03 55 08.

Vega Camping á Floa. Sími: + (47) 94 35 00 80. Privaten B&B á Nes er hluti af Vega Kulinariske Forundringshus. Þar eru fjögur rúm, en pláss er fyrir tíu í svefnpokapláss. Sími: + (47) 75 03 60 77. Vega Vertshus í Gladstad býður upp á gistingu, kaffihús og útimatsölustað. Sími: + (47) 75 03 54 00.

Gardsøya Rorbuferie. Sími: + (47) 95 76 80 28, www.gardsoyarorbuer.no

Vega brygge. Hafði samband í síma:

+ (47) 74 07 30 00, www.dintur.no

Vega opplevelsesferie, sími: + (47) 75 03 53 25, www.vegaoopplevelsesferie.no

Pederbu, Jørgenbu, Toppenbue og Bjønnlibu eru þrjú sjómanskálar og sumarbústaður sem hægt er að leigja. Sumum fylgir bátur. Hafði samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá upplýsingar.



MATUR

Vega Kulinariske Forundringshus, Nes, Sími: + (47) 75 03 67 70, www.vega-kulinariske.no. Á þessu veitingahúsi er áhersla lögð á heimagerða rétti sem byggja á matarhefðum svæðisins. Að auki er hægt að upplifa tónlist og menningu. Gákká Mathus í Hysvær. Hér færðu góða máltíð úr hráefnum frá svæðinu (nauðsynlegt er að panta borð) og gestgjafarnir segja góðar sögur. Einnig er hægt að gista. Sími: + (47) 95 08 52 21, <http://home.czi.net/mathus/gakka/index.htm>. Vega Vertshus í Gladstad er með gistingu, kaffihús og útimatsölustað, sími: + (47) 75 03 54 00. Barinn í Gladstad, sími: + (47) 47 61 19 01.



Lyngsalpan landslagsverndarsvæði á Lyngenskaga í norðurhluta Tromsfylkis.

Hvernig kemstu þangað?

Ef komið er að sunnan eftir þjóðvegi E6 eða eftir þjóðvegi E8 frá Finnlandi, er farið til Oteren og þaðan eftir þjóðvegi 868. Þeir sem koma að norðan eftir þjóðvegi E6 geta tekið ferju frá Olderdalen til Lyngseidet. Ef ekið er frá Tromsø er farið eftir þjóðvegi E8, beygt við Fagernes og síðan ekið eftir þjóðvegi 91 og ferja tekin við Breivikeidet.

Heimilisföng:

Svensby ferðamiðstöð,
sími: +47 77712225

Áfangastaðurinn Tromsø,
sími: +47 77610000,
www.destinasjon troms.no/lyngen,
Tölvupóstur:
info@destinasjon troms.no



Óðrun Skjelmstad



Jan R. Olsen

Skíðamaður með útsýni yfir Lyngsalpan.

Lyngsalpan – landslagsverndarsvæði í ríki miðnætursólarinnar

Langt fyrir norðan heimsskautsbaug, nálægt Tromsø, er eitt stórfenglegasta fjallasvæði Noregs, Lyngsalpan. Í þessu glæsilega fjalllendi eru margir hvassir tindar og brúnir, jöklar og jökulöldur. Fjalllendið liggur á milli tveggja fjarða og frá ströndinni og upp á næsta tind eru um 1800 metrar. Svæðið er þekkt um allan heim í tengslum við fjallaklifur en er einnig sæluland fyrir skíðamenn.

Lyngsalpan er landslagsverndarsvæði, um 1000 km² að flatarmáli, sem nær yfir um tvo þriðju hluta Lyngenskagans í norður Tromsfylki. Verndarsvæðið nær yfir fjöllin og nærliggjandi dali. Markmiðið með stofnun landslagsverndarsvæðis í Lyngsalpan er að vernda glæsilegt fjallasvæði með jökulum, jökulöldum, þröngum dölum og sérstæðum jarðmyndunum. Einniger mikilvægt að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins, menningararfleið og menningarlandslag.

Gamlar ferðasögur frá Troms lýsa vel einkennum fjalla og náttúru. Fara þarf til Suður-

Evrópu til að finna jafn stórbrotin fjallasvæði. Í Lyngsalpan, eins og annars staðar á þessu landssvæði, einkennist menningararfleiðin af blöndu af samískum, lappneskum og norskum háttum.

Að upplifa náttúruna: Í Lyngsalpan eru sérlega margir möguleikar til að njóta náttúrunnar. Þar er hægt að fara í gönguferðir, á skíði, í útreiðartúra og hafa má hund með sér. Að auki eru möguleikar á skotveiðum, fiskveiðum, berja- eða sveppatínslu. Stór hluti svæðisins einkennist af hvössum tindum og litlum jökulum sem erfitt er fyrir flest fólk að



Jan R. Olsen

Steindalstinden.

komast að. Vötnin eru nýtt til fiskveiða og útivistar.

Gönguleiðir og fjallakofar: Margar gönguleiðir eru í Lyngsalpan, bæði við útjædra verndarsvæðisins og um fjöllin, einkum í dölum sem liggja í austur-vesturátt. Aðeins fáir göngustígar eru merktir og því er mikilvægt að vera vel útbúinn og kunna að nota kort og áttavita. Í fjöllunum eru níu fjallakofar sem öllum er frjálst að nota.

Fjölbreytni í ferðum: Mörg fyrirtæki bjóða upp á fjölbreyttar ferðir, meðal annars eftirfarandi:

Midnight Sun Mountain guides býður upp á fjallgöngur, jökulgöngur og jöklanámskeið, námskeið um snjóflóðahættu, svokallaðar „skíða- og sjóferðir“ og gönguferðir á þrúgum ásamt fleiru. Hafid samband í síma: +47 91119173, www.msmg.org.

SunAlps Mountain guides býður upp á margvíslegar ferðir á fjöll og jökla. Hafid samband í síma: +47 90934884, www.sunalp.no.

Á Svensby Tursenter og Solvik gård er góð



Jan R. Olsen

Norðurljós yfir Römestind og Kjostind.

gisting og margskonar þjónusta við ferðamenn.

Solvik gård er sjómanna- og bóndabær þar sem gamli tíminn hefur verið varðveittur. Boðið er upp á gistingu og heimagerðan mat í þægilegum húsakynnum. Á bænum eru margskonar húsdýr sem gestir mega hjálpa til með að vild. Bærinn er vel staðsettur fyrir hinar ýmsu fjallaferðir. Sími: +47 77713890, www.solvik.no.

Á Svensby Tursenter er hægt að búa í vel útbúnum fjallakofum sem eru fjölskylduvænar og hannaðir fyrir þá sem nota hjólastól. Þar eru líka stæði fyrir tjaldvagna. Hægt er að leigja bát til fiskveiða og reidhjól og einnig er boðið upp á skipulagðar ferðir á hundasleðum, gönguferðir, heimsóknir á bóndabæi og jökulgöngur. Þarna er upplýsingamiðstöð ferðamanna og byggðasafnið Lyngen er í nágrenninu. Hafid samband í síma: +47 77712225 eða skoðið www.destinasjontromso.no/svensby.

„Din Tur“ er fyrirtæki sem aðstoðar fólk við að finna lítil einkafyrirtæki í ferðamannathjónustu, sem mörg bjóða upp á gistingu og

margvíslega þjónustu. Sími: +47 74073000 og www.dintur.no.

Veiðar: Í Lyngsalpan er margar góðar veiðiár og vötn og skotveiði er vinsæl. Til þess að geta stundað veiði þarf að kaupa veiðikort. Það er mjög mikilvægt að sóttreinsa veiðistangir og annan útbúnað eftir notkun því komið hefur upp sýking í fiskum á svæðinu. Þetta á einnig við um veiði í árósum. Hafid samband við upplýsingarmiðstöðvar ferðamanna til að fá frekari upplýsingar.



Jan R. Olsen

Bátur á Jægervatni.



GISTING

Gistimöguleikar í Lyngsalpan eiga það allir sameiginlegt að vera umvafðir fallegri náttúru. Meðal staða sem hægt er

að gista á eru Lyngseide Gjestegård, Solvik Gård, Svensby tursenter og Vollen gjestestue og hægt er að tjalda á Hatteng. Á svæðinu eru auk þess margir einstaklingar sem bjóða upp á gistingu og margvíslega þjónustu. Til að fá frekari upplýsingar er hægt að hringja í „Din Tur“ í síma: +47 74073000, skoða heimasíðuna www.dintur.no eða hafa samband við „Destinasjon Tromsø“ í síma: +47 77610000, www.destinasjontromso.no/overnatting_privat.html.



MATUR

Í Lyngseide Gjestegård er selt kaffi og kökur, einnig er hægt að panta mat af matseðli. Opíð er frá kl.

12.00 til 18.00 (opíð er á kvöldin fyrir hópa sem panta fyrirfram). Einnig er boðið upp á gistingu. Sími: +47 77710400.

Í Solvik gård er seldur heimgerður matur sem matreiddur er samkvæmt hefðum svæðisins. Sími: +47 77713980, www.solvik.no Vollen gjestestue er í Nordkjosbotn. Þar er selt kaffi, kökur og matur, einnig er hægt að fá gistingu. Sími: +47 77722300,

www.vollen-gjestestue.no Prixkafé'n á Støa selur kaffi, kökur og einfalda rétti. Kaffihúsið er opíð yfir daginn. Sími: +47 77710101.

Jonny's Bistro Vollen – skyndibitastaður. Sími: +47 77721200.

Nordkjosbotn grill – skyndibitastaður. Sími: +47 77728374.

Hatteng grillbar og sjoppa. Þar er hægt að kaupa skyndibitamat, kaffi, vöffur og sjoppuvörur en einnig er hægt að leigja fjallakofa eða tjalda á staðnum. Sími: +47 77714999.



Abisko þjóðgarður er rétt fyrir sunnan Tornetrásk í Kiruna, Norrbottensléni.

Hvernig kemstu þangað?

Þjóðgarðurinn Abisko er við Europavej 10, milli bæjanna Kiruna og Narvik, og í honum er járnbrautarstöð og miðstöð langferðabíla. Þaðan eru daglegar ferðir til Kiruna (98 km) og Narvik (75 km).

Það tekur 18 klukkustundir að ferðast með lest frá Stokkhólmi til Abisko, frá Gautaborg 25 klukkustundir og frá Malmö 27 klukkustundir.

Flug frá Stokkhólmi til Kiruna tekur um eina og hálf klukkustund. Bílastæði eru við gestastofuna.

Upplýsingar um ferðir til Kiruna er að finna á www.lappland.se.

Heimilisföng:

Umboðsmaður: Länsstyrelsen (fylkesadministrasjonen) í Norrbottensléni: www.bd.lst.se/naturvard.

Frekari upplýsingar:

Vandra Kungsleden, Claes Grundsten.

Þjóðgarðarnir í Svíþjóð, Naturvårdsverkets förlag.



Peter Rosen

Ferðamiðstöð þjóðgarðsins Abisko við Lapporten.

Abisko – þjóðgarður síðan árið 1909

Þjóðgarðurinn Abisko er vinsælasti og best rannsakaði þjóðgarðurinn í Svíþjóð. Í Abiskoþjákkssdal er stórkostlegt árgljúfur sem drottinn yfir þjóðgarðinum. Gróðurfar í fjöllunum er afar fjölbreytt. Þar finnast meðal annars svarðlyngrós *Rhododendron lapponicum*, héraholurt *Silene furcata* og orkídeutegundirnar hulduvör *Epipogium aphyllum* og *Platanthera obtusata*, sem ber ekkert íslenskt heiti. Dýralífið er fjölskrúðugt og meðal tegunda eru fuglategundirnar norðsöngvari *Phylloscopus borealis*, þiður *Tetrao urogallus* og rjúpa *Lagopus mutus*, ásamt elg *Alces alces* og læmingja *Lemmus lemmus*. Flest stærri rándýr lifa í þjóðgarðinum, að úlfi undanskildum.

Abisko er kjörinn til fjallaferðamennsku en þarna hafa ferðamenn og náttúra átt samleið í meira en 100 ár. Þekktasta fjallið á svæðinu heitir Njulla en þangað er hægt að komast með kláfi. Í Abisko er auðvelt að komast út í náttúruna. Fjallaveröldin hefur upp á margt að bjóða, bæði þeim sem stoppa stutt við og þeim sem dvelja í lengri tíma. Starfsmenn gestastofunnar hjálpa til við að gera heimsóknina að skemmtilegri náttúruupplifun með því að gera tillögur að ferðum og veita upplýsingar.



Peter Rosen

Lestur í blómlegri brekku.

Menning: Veidimenn og safnarar sem bjuggu á svæðinu fóru smám saman út í ræktun tamdra hreindýra. Lappneskt hirðingjalíf var við lýði langt fram eftir 20. öldinni en þá tók fólk sér fasta búsetu. Í dag er nútíma hreindýraráækt stunduð á svæðinu.

Í þjóðgarðinum hefur aldrei verið föst búseta eða stunduð jarðyrkja. Í austurhluta Torne-träsksvæðisins, utan þjóðgarðs, hefur land verið ræktað og iðnbyltingin sett mark sitt á landslagið. Járnbrautin markaði upphaf ferðamennskunnar sem í dag er lífibrauð margra.

Þjónusta: Á svæðinu er boðið upp á ýmsa þjónustu, svo sem bílastæði, salerni, gistingu, ferðir með leiðsögumanni og upplýsingamiðstöð ferðamanna – gestastofu. Í gestasofunni er sýning um þjóðgarðinn Abisko, náttúru hans og menningu. Gestastofan skipuleggur einnig leiðsögn og fyrirlestra um plöntur, dýralíf, menningu og jarðfræði svæðisins. Hægt er að sjá skyggmusýningar, taka þátt í ýmsum ferðum eða hlusta á fyrirlestra. Í gestastofunni er einnig hægt að kaupa landakort, bækur, póstkort, handverk og margt fleira. Ef spurningar vakna aðstoða leiðsögumenn gestastofunnar við að finna svarið, hvort sem það varðar blóm eða laufblöð, berg- eða steintegundir. Heimasíða gestastofunnar er www.abiskonaturum.nu.

Gönguleiðir: Gönguleiðin Kungsleden hefst, eða endar í bænum Abisko. Á svæðinu eru margar merktar leiðir, bæði til gönguferða á sumrin og vetrarferða. Í þjóðgarðinum er þétttriðið net göngustíga.

Akstur í þjóðgarðinum: Heimilt er að aka eftir merktri snjósleðaleið sem liggur í gegnum þjóðgarðinn Abisko.

Áhugaverðir staðir: Til að upplifa eitt þekkt-

asta kennileiti Svíþjóðar, útsýnið frá fjallinu Njulla yfir í hinn vel þekkt dal Lappporten, er best að taka kláfinn. Margir velja að taka kláfinn upp, fá sér kaffibolla á veitingastaðnum og ganga síðan niður eftir Rihtunjiragöngustígnum.

Miðnætursólinn sést í Abisko á tímabilinu 12. júní til 4. júlí. Ef farið er upp á topp fjallsins Njulla er tímabilið lengra eða frá 27. maí til 18. júlí. Á veturna sjást oft norðurljós. Annað áhugavert á svæðinu eru Abiskojákkasgljúfur, gróðurfar og fuglalíf og gestastofa Abisko.

Annað áhugavert: Abisko skipar sérstakan sess meðal sænskra fjalla, ekki aðeins vegna fjölbreyttrar náttúru heldur einnig vegna auðveldrar aðkomu. Mælt er með dagsferð með leiðsögumanni til að fá notið þess helsta sem fjallið býður upp á. Dagsferðirnar standa yfir allan daginn og innifalið í ferðinni er flutningur á milli staða.

Þeir sem hafa áhuga á sérstökum þáttum varðandi náttúru og menningu hafa möguleika á að sækja vikulöng námskeið sem skipulögð eru af sænsku ferðasamtökunum, Svenska Turistföreningen. Allri tilhögun er nánar lýst á www.abisko.nu.

Lappneskt handverk: Nútíma hreindýraráæktun byggist á jafnvægi milli hefða og nútímans. Áður fyrr framleiddu Lapparnir sjálfir alla nauðsynjamuni eins og eldhúsáhöld, skiði, hreindýrasleða, kastreipi og föt. Þekking þeirra á handiðnaði og efniviði náttúrunnar var mikil. Áhugi fyrir handverki lifir enn góðu lífi, kannski vegna þess að það tengist lappneskri sögu og sjálfsmynd þeirra. Margir Lappar, sem eiga ekki hreindýr, sjá sér farborða með tréskurði en hann er einnig mikilvæg aukabúgrein fyrir marga hreindýrabændur. Framleiðslan er mikils metin af söfnurum um heim allan.



Peter Rosen

▲ Gengið um þjóðgarðinn. ▼ Abiskogljúfur.



Peter Rosen



GISTING

Í Abisko eru ýmsir gistingumöguleikar, til dæmis fjallahótel, skálar og farfluglaheimili. Hafið samband við upplýsingamiðstöð ferðamanna til að fá nýjustu upplýsingar. Ferðaskrifstofan í Kiruna, 981 22 Kiruna, sími: +46 (0)980 18880, bréfasími +46 (0)980 18286, info@lappland.se, www.lappland.se eða Svenska Turistföreningen, www.abisko.nu.



MATUR

Í Abisko og nágrenni eru margir ólíkir veitinga- og matsölustaðir. Sjá upplýsingar undir „Mat & dryck“ á www.lappland.se.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Kiruna: Kirkjan, ráðhúsið, Hjalmar Lundbohmsgården, samyrkjubúið Máttaráhkká, ferðamannahellirinn, hellasafnið, Samegården, Kiruna Science Center og Björkliden þar sem er einn nyrsti og glæsilegasti golfvöllur Norðurlanda: Sjá www.bjorkkliden.com. Riksgrensen: Ateljé Sven Hörnell: skyggnumyndasýning, sala á handverki, www.riksgransen.nu. Jukkasjärvi: Jukkasjärvi kirkja – elsta kirkja Lapplands, markaður Jukkasjärvi og Íshótelíð. Frekari upplýsingar, sjá www.lappland.se.



Eyjan Bullerön er staðsett yst í skerjagarðinum austan eyjarinnar Nämdö.

Hvernig kemstu þangað?

Þeir sem ekki hafa aðgengi að bát geta á sumrin tekið ferju frá Stavnäs eða Björkvik á Ingarö. Upplýsingar um ferðir er hægt að fá hjá umsjónarmanni.

Hægt er að taka strætisvagna nr. 433 og 434 til Stavnäs eða vagna nr. 428 og 429 frá Slussen til Björkvik. Nánari upplýsingar um ferðir í síma +46 (0)8 6001 000.

Hægt er að fara í ferðir sem kallast „Þúsund eyja ferðir“ með skipinu Waxholm III í eigu fyrirtækisins Strömma Kanalbolagets. Í ferðunum er meðal annars siglt til Bullerön. Nánari upplýsingar um ferðirnar eru í síma +46 (0)8 5871 4000.

Ef farið er á eigin bát er mikilvægt að hafa sænskt sjókort nr. 8144 með í för.

Heimilisföng:

Umsjónarmaður: Stjórnsýslustofnun Stokkhólmslens (Länsstyrelsen i Stockholms län), sími: +46 (0)8 7854 000.

Víðhald: Skärgårdsstiftelsen, sími: +46 (0)8 4405 600.

Tölvupóstur: kansliet@skargardsstiftelsen.se

Umsjónarmenn:

Sími: +46 (0)8 5715 9092,

Jan Olsén,

sími: +46 (0)70 6223 137,

Ingegerd Rydberg,

sími: +46 (0)70 3773 920.

Frekari upplýsingar:

Bulleröboken, Skärgårdsstiftelsen.

Fiskiporpið Rågskär, Skärgårdsstiftelsen.

porpin á Rågskär, Skärgårdsstiftelsen.



Bulleröneyja með sína beru kletta.

Bullerön – perla skerjagarðsins

Eyjan Bullerön er yst í skerjagarðinum, austur af eyjunni Nämdö. Í nágrenninu eru ekki færri en 900 eyjar, hólmar og sker. Nafnið Bullerön þýðir grýtt eyja, og er hún sú stærsta í skerjagarðinum. Á eyjunni ríkjja kröftugir vindar, vetur eru harðir og sumur úrkomulítill og því minnir gróðurinn þar á fjallagróður. Náttúran er fjölbreytt með berum klettum, birki- og elriskógi. Í hæðottu landslaginu, sem einkennist af klettum og dölum, er enn hægt að sjá ummerki akuryrkju sem eitt sinn var stunduð á eyinni. Margir staðir á eyinni henta vel til sjóbaða, náttúran er falleg og sagan áhugaverð.

Eyjan Bullerön byggðist í lok 17. aldar en í kringum árið 1830 bjuggu þar aðeins 12 manns. Kartöflur og rótarárvextir voru ræktaðir á litlum ökrum í dölunum. Á sumrin varð að beita búfénaði á krækilyng og annað lyng á nærliggjandi eyjum. Aðal- atvinnuvegurinn var fiskveiði en sjófugla- og selaveiði var mikilvæg búbót í sjálfsþurftar- búskapnum. Íbúar á Bullerön sigldu með salt- aðan fisk í tunnum til Mälaren og skiptu þar á honum og brauði.

Árið 1908 lauk búsetu á Bullerön þegar listamaðurinn Bruno Liljefors keypti eyjuna. Hann lét reisa veiðikofa sem nú hefur verið breytt í gestastofu. Árið 1967 keypti sænska ríkið Bullerönskerjagarðinn og árið 1984 flutti fólk í eyjuna sem hefur umsjón með henni. Þar með var Bullerön aftur komin í byggð.

Í dag er farið að slá engin aftur til að sýna akuryrkju fyrr á tímum. Á eyjunni vex mikið af ýviði *Taxus baccata*.

Fuglalífið er fjölskrúðugt. Æðarfugl *Soma-*



Veiðikofi sem innréttaður er sem gestastofa.



Í paradís.

teria mollissima er algengastur en meðal annarra tegunda eru skúfönd *Aythya fuligula*, korpönd *Melanitta fusca*, toppönd *Mergus serrator* og grágæs *Anser anser*, og mikill fjöldi máva og þerna.

Þjónusta: Á Bullerön eru sýningarsalir, bryggja, náttúrulegar hafnir, gistiheimili, tjaldstæði, hvíldarkofi og gufubaðstofa.

Hvíldarkofinn er í bænum og þeir sem hafa ekki verið forsjalir geta fengið takmarkað magn af fersku vatni þar. Við bæinn er bryggja sem er ætluð fyrir þjónustubáta hverskonar. Ef komið er á eigin báti þarf að notast við náttúrulegar hafnir. Gufubaðstofan er í Hemviken og hægt er að panta tíma með því að skrá sig á lista sem staðsett er í baðstofunni.

Baðstæðir: Strendurnar eru flestar klettóttar og grýttar en á eyjunni er einnig lítil sandströnd.

Eldstæði: Það er leyfilegt að kveikja eld í merktum og þar til gerðum eldstæðum.

Fiskveiði: Hægt er veiða fisk á stöng frá klettunum.

Gönguleiðir og ferðir með leiðsögumanni: Á Bullerön er 600 metra langur fræðslustígur sem leiðir fólk um náttúru eyjunnar. Annar stígur, nokkuð lengri og hæðottari liggur um



Jeppe Wikström / Pressens bild

Ferðamenn heimsækja Bullerön líka á veturna og þar er gaman að renna sér á skautum.

menningarsöguleg svæði. Utan ferðamanna tímans er hægt að panta leiðsögumann hjá umsjónarmanni í síma +46 (0)8 5715 9092.

Gestastofa: Í gestastofunni er sýning um náttúru og menningu skerjagarðsins. Þar eru einnig til sýnis endurgerðir listmunir listamannsins Liljefors. Opnunartímar eru eftirfarandi: Tímabilið 15. apríl til 14. júní, opið um helgar kl. 9–19. Tímabilið 15. maí til 15. ágúst, opið alla daga kl. 9–19. Tímabilið 16. ágúst til 30. desember, opið um helgar kl. 9–19.

Annað áhugavert: Á hverju ári er haldin uppskeruhátíð á Bullerön og fleiri skipulagðar samkomur. Sjá upplýsingar á heimasíðu Skerjagarðsstofnunarinnar, Skärgårdsstiftelsen, www.skargardsstiftelsen.se.



Malcolm Haines / Pressens bild

Samofin náttúra og menning á Bullerön.



GISTING

Á gistiheimili Bullerön er boðið upp á gistingu í átta rúmum á tímabilinu 1. apríl - 30. september. Aðstaðan er einföld og gestir sjá sjálfir um heimilishald. Pantíð hjá umsjónarmanni. Tjaldstæði: Á suðurhluta eyjarinnar má tjalda með leyfi frá umsjónarmanni. Annars eru reglur þær að það má mest tjalda í tvo sólarhringa á sama stað.



ÞJÓNUSTA

Taka verður með sér eigin matföng til Bullerön. Í Solvik á Nämö er matvöruverslun, sími: +46 (0)8 5715 6017. Þar er einnig að finna bensínstöð, ferskt vatn og krá.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Ef ferðast er með eigin báti eru margar áhugaverðar eyjar sem eru þess virði að heimsækja, til dæmis Rågskär og Långviksskär. Í Stavsnäs höfn á meginlandinu er skerjagarðsafn og í Sand á Nämö er Skärgårdsmuseet-Nämöutställningen.



Store Mosse er um 15 km norðvestur af bænum Värnamo.

Hvernig kemstu þangað?

Bíll/reiðhjól: Auðvelt er að komast að þjóðgarðinum úr öllum áttum. Auðveldustu leiðirnar eru merktar með skiltum sem tákna áhugaverða staði. Best er að komast að gestastofunni og stóra fuglaturninum í Kävsjöns frá þjóðvegi 151, á milli bæjanna Värnamo og Hillerstorp.

Lest: Norður-suður lestin gengur til Alvesta. Þar er skipt um lest og austur-vestur leiðin valin, þ.e. Kalmar-Värnamo-Göteborg. Sú lest fer í gegnum þjóðgarðinn. Hægt er að fara úr í Värnamo, Hillerstorp eða Gnosjö.

Rútur: Rútuferðir eru meðal annars milli Värnamo og Hillerstorp, leið 242, bíðstöð „Fågel-tornet“. Upplýsingar um rútuferðir í síma +46 (0)771 4443 33.

Heimilisföng:

Store Mosse þjóðgarður
Pósthólf 18

330 33 Hillerstorp
www.f.lst.se/storemosse

Hafið samband við
umsjónarmann þjóðgarðsins,
Arne Andersson

Forstöðumaður: Gestastofa
Store Mosse, Martha Wägéus
Sími: +46 (0)370 23792
Tölvupóstur: storemosse@f.lst.se

Frekari upplýsingar:

Ferðabæklingur: Nationalpark i
Jönköpings län – Store Mosse,
útfeginn af lénsstjórninni.

Nationalparker i Sverige, út-
gefnin af Naturvårdsverket.



Torbjörn Skogedal

Gönguleið um votlendið.

Store Mosse – fornt landslag í nútíð

Þjóðgarðurinn Store Mosse er stærsta votlendissvæði Svíþjóðar fyrir sunnan Lappland – „Fornt landslag í nútímanum“. Einkenni þjóðgarðsins eru víðáttu- miklar mýrar, fjölbreytt fuglalíf við stöðuvatnið Kävsjön, skógi vaxnir foksandar og menningarlandslag við Svänö og Lövä. Alls staðar er hægt að upplifa stór- kostlega náttúruna.

Tilgangurinn með þjóðgarðinum er að vernda líffræðilega fjölbreytni og verðmætin sem felast í náttúru- og menningarlandslagi.

Stóru votlendin eru þau svæði í Suður- Svíþjóð sem telja má hvað ósnortust af um- merkjum eftir athafnasemi mannsins. Megin- einkenni landslagsins urðu til við bráðnun meginlandsíssins fyrir um 15.000 árum. Fugla- lífið við stöðuvatnið Kävsjön er mikið og fjöl- breytt og samsetning þess er einstök á sænskan

mælikvarða. Þar verpa margar norrænar tegundir eins og dvergsnípa *Lymnocyptes mi- nimus*, spói *Numenius phaeopus* og lyngstelkur *Tringa nebularia*, en einnig suðrænar tegundir eins og dilarella *Porzana porzana*, skeiðönd *Anas clypeata* og gulerla *Motacilla flava*.

Þjónusta: Í þjóðgarðinum eru fuglaskoðunar- turnar, gönguleiðir, stígar fyrir hreyfihamlaða og gestastofa, einnig gistiskálar og farfuglaheimili.



Lennart Mathiasson/N

Hlínavör *Epipactis palustris*.

Gönguleiðir: Á svæðinu eru margar gönguleiðir, samtals um 40 km. Tvær þeirra henta hreyfihömluðum. Leiðirnar liggja um furuvaxna sanda, víðáttumikil votlendi og laufklædd svæði þar sem mikið er af menningarminjum. Þar sem votlendið er hvað blautast eru göngubrýr.

Turnar: Í þjóðgarðinum eru sjö fuglaskoðunar- og útsýnisturnar.

Gestastofa: Í gestastofunni eru upplýsingar um náttúru þjóðgarðsins og gildi hennar. Einnig er hægt að fá upplýsingar um önnur náttúruverndarsvæði í nágrenni þjóðgarðsins og um aðra þjóðgarða í Svíþjóð. Í gestastofunni er bóka-

safn, smásjár, stækkunargler, hægindastólar, bjarnarhýði og útsýnisgluggar að kviksyndi í vatninu Kävsvö. Gestastofan er uppspretta hugmynda og um leið góður fundarstaður fyrir náttúruunnendur. Aðgangur er ókeypis.

Opnunartími í maí: Alla laugardaga og sunnudaga kl. 10-16. Júní-ágúst: Opið alla daga kl. 10-16. September-apríl: Opið sunnudaga kl. 10-16. Að öðru leyti er opnunartími samkvæmt samkomulagi við starfsfólk.

Lövö og Svänö: Í votlendinu eru tveir ræktaðir jökulásar, Lövö og Svänö. Lövö komst í byggð á 17. öld og árið 1912 bjuggu þar fjórar bændafjölskyldur. Á báðum stöðum eru enn uppistandandi útihús, þar sem hægt er að gista. Landið ber ennþá merki um ræktun fyrri tíma og gróðurfar minnir á laufengin.

Annað áhugavert: Í lok maí á hverju ári fagnar þjóðgarðurinn með ýmsum uppákomum, til dæmis með sýningum, sölu á handverki og gönguferðum og auðvitað „opnu húsi“ í gestastofunni.

Í gestastofunni eru haldnir fyrirlestrar og sýningar er varða málefni sem eru í umræðunni hverju sinni. Skólar, fyrirtæki, félög og aðrir geta pantað leiðsögn um gestastofuna og þjóðgarðinn.

Félagið Store Mosse er rétti staðurinn fyrir alla sem hafa áhuga á náttúru og menningu þjóðgarðsins og nágrenni hans. Félagið heldur mánaðarlega fundi og skipuleggur oft skemmtilega leiðangra og ferðir. Áhugasamir geta haft samband lennart.fritz@f.lrf.se.



Jonas Forsberg/N

Brandugla *Asio flammeus* á staur.



GISTING

Þeir sem vilja vakna við fuglasöng geta sofist í þjóðgarðinum, annað hvort á Kittlakull sem er nokkurs konar farfuglaheimili eða í Lövö eða Svänö í meiri nálægð við náttúruna, án munaðar eins og salernis og vatns. Upplifun á náttúrunni er ætíð sú sama! Pantið gistingu hjá Värnamo Turism í síma +46 (0)370 18899. Bréfsími: +46 (0)370 15711. Tölvupóstur: info@visit-varnamo.com. Í bæjarfélögunum kríngum þjóðgarðinn er boðið upp á margskonar gistimöguleika, hótél, gistingu í heimahúsi með morgunverði, gistiheimili, farfuglaheimili á viðráðanlegu verði og bændagistingu. Sjá heimasíður bæjarfélaganna til að fá frekari upplýsingar: www.varnamo.se, www.gnosjo.se, www.vaggeryd.se.



MATUR

Í þjóðgarðinum eru margir matsölustaðir og kaffihús. Best er að skoða heimasíður bæjarfélaganna til að fá upplýsingar um opnunartíma, leiðarlýsingar og fleira. Sjá www.varnamo.se, www.gnosjo.se og www.vaggeryd.se. Sumir veitingastaðir bjóða upp á hádegisverð, kvöldverð eða annað sem hægt er að snæða að eigin óskum í gestastofunni eða úti í náttúrunni.



Leif Gustavsson

Álftir *Cygnus cygnus* í morgunroða.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Stöðuvatnið Draven í sveitarfélaginu Gislaved við Reftele er glæsilegt vatn með miklu fuglalífi. Vatnið er nokkra kílómetra suðvestur af Store Mosse. Gott er að skoða fuglalífið úr fuglaskoðunarturnum, sem eru víða. Marieholmsskógurinn er 12 km fyrir norðan Store Mosse og er einn villtasti barrskógur Suður-Svíþjóðar með ósnortna náttúru og fjölbreytt fuglalíf. Þeir sem eru heppnir fá að sjá gaupu. Bæirnir Värnamo, Gnosjö og Vaggeryd bjóða upp á marga verslunarmöguleika. Í einum vinsælasta skemmtigarði Svíþjóðar, High Chaparral, er hægt að upplifa menningu villta vestursins. Í nágrenninu eru margir golfvelli og mörg áhugaverð náttúruverndarsvæði. Sjá www.visit-smaland.com.



Stöðuvatnið Hornborgasjön

er í Suður-Svíþjóð, 150 kílómetra norðaustur af Gautaborg.

Hvernig kemstu þangað?

Til þess að komast að vatninu verður að fara frá einum af þremur bæjum í Vestur-Gautlandi: Skara, Falköping eða Skövde. Þeir eru allir í um 20 kílómetra fjarlægð frá Hornborgasjön.

Algengast er að koma á bíl, en hægt er að taka rútu til Skara, Falköping eða Skövde. Einnig er hægt að fara með lest til Falköping og Skövde. Frekari upplýsingar um rútu- og lestarferðir má finna á www.vastrafrik.se.

Heimilisföng:

Lénsstjórn Vestur-Gautlands
Hornborgasjön,

521 98 Broddetorp.

Sími: +46 (0)500 4911 90.

www.hornborga.com

Upplýsingar:

www.fagelvagen.nu

Västsvenska Turistrådet,

www.vestsverige.com,

www.skara.se, www.skovde.tc.se,

www.falkoping.nu

Einnig er hægt að skrifa til Hornborga Naturum, Hornborgasjön,
Sími: +46 (0)500 4914 50.

Tölvupóstur:

hornborga.naturum@o.lst.se

eða hringja í upplýsingamiðstöð ferðamanna í viðkomandi bæjarfélagi.

Frekari upplýsingar:

Hornborgasjön – frá vasshav till fågelrike eftir Hertzman & Larsson
Hornborgasjön eftir Stefan Edman,
Tore Hagman og Jan Towé.

Hornborgasjön – áhugavert fuglasvæði og menningarlandslag

Í áhrifamiklu menningarlandslagi á hálendi Vestur-Gautlands er stöðuvatnið Hornborgasjön sem frægt er fyrir fjölbreytt fuglalíf. Vatnið var eitt sinn eyðilaggt með framræslu en eftir víðtækar og einstakar aðgerðir hefur það endurheimt stöðu sína sem eitt mikilvægasta votlendissvæði Svíþjóðar. Votlendisfuglar hafa viðdvöl á svæðinu og vaðfuglar verpa þar. Yfir 100.000 ferðamenn heimsækja vatnið á hverju ári til að fylgjast með ærslafullum vorleikjum trananna.

Friðlandið Hornborgasjön er rúmlega 4.000 hektarar að stærð. Það nær fyrst og fremst yfir vatnið og strandengjar þess en hluti svæðisins nær til menningarlandslagsins austan við vatnið.

Tilgangurinn með friðlandinu er að vernda vatnafugla sem verpa við vatnið eða hafa þar viðdvöl. Einnig er markmiðið að varðveita menningarlandslag í kringum vatnið, fornminjar þess og steinveggi. Það eru ekki einungis ákafir fuglaskoðarar sem njóta dvalar við vatnið. Fuglarnir eru auðvitað mikilvægur þáttur í sérstöðu vatnsins, en á svæðinu er einnig

Dulúðug stemning í hrífandi votlendi.

fjölbreytt votlendi, fagurt landslag, merkileg saga og ummerki um búsetu fyrri tíma.

Þjónusta: Í friðlandinu eru bílastæði, salerni, göngustígar, fuglaskoðunarturnar, felustaðir, upplýsingamiðstöðvar og kaffihús.

Gestastofa: Við Fågeludden er gestastofa þar sem er sýning með áherslu á vatnið. Þar er einnig kaffihús, fuglaskoðunarturn með lyftu, skyggnumyndasýningar og fleira. Gestastofan er staðsett við suðvesturenda vatnsins.

Trönudansinn stendur yfir frá miðjum mars

Jan Töve





Tore Hagman

Gestastofa í austurlenskum stíl.

til aprílloka en frá byrjun sjötta áratugarins hefur það þótt nokkurs konar þjóðhátíð að koma og fylgjast með trönunum á þessum tíma. Að minnsta kosti 150.000 ferðamenn heimsækja svæðið ár hvert. Allir vilja sjá ærslafullan tröndansinn, heyra þær kvaka hátt á himni og finna um leið að vorið er komið.

Fuglaskoðunarturn: Frá fuglaskoðunarturninum í gestastofunni Hornborga er meðal annars hægt að sjá eitt stærsta varp hettumáva í Svíþjóð. Einnig má sjá goða, endur og fjöldann allan af bleshænum. Hringinn í kringum vatn-



Jan Töve

Trönuhópur boðar vorkomuna.

id eru margir áningarstaðir með bílastæðum og góðu útsýni yfir vatnið.

Göngustígar og ferðir með leiðsögumanni: Á svæðinu eru sex göngustígar, samtals 16 km. Með því að ganga eftir þeim gefst fólki möguleiki á að upplifa fjölbreytta náttúru svæðisins á eigin vegum. Einnig er hægt að fara í ferðir með leiðsögumanni.

Felustaðir: Margskonar felustaðir eru á svæðinu þar sem hægt er að skoða og ljósmynda fugla í nálægð. Suma staðina þarf að panta fyrirfram í gestastofunni.

Annað áhugavert: Í maí, júní og september er hægt að fara í sérstakar skipulagðar kvöldgöngur. Tilkynna þarf þátttöku í gestastofunni Hornborga í síma +46 (0)500 4914 eða +46 (0)31 6052 20. Í janúar og febrúar er hægt að sjá erni á svæðinu. Í mars og apríl er boðið upp á skipulagðar fuglaskoðunarferðir með leiðsögumanni. Á trönutímabilinu er haldinn vorkomur og á haustin er Mikjálsmessa (Mikkelsmess) mikil menningarupplifun.

Frekari upplýsingar má finna á www.fagelvagen.nu, www.hornborga.com og www.vastsverige.com.



GISTING

Við Hornborgasjön eru margir gistingualeikar: Farfuglaheimili, sumarhús, herbergi á einkaheimilum

með morgunverði, gistiheimili og hótél. Nánari upplýsingar og pantanir eru á heimasíðum bæjarfélaganna Falköping, Skara og Skövde. Einnig á www.fagelvagen.nu og www.hornborga.com.



MATUR

Við Hornborgasjön eru margir matsölu- staðir og kaffihús. Á sumum stöðum er hægt að fá heimatilbúinn mat, útbúinn

úr lífrænt ræktuðu grænmeti beint úr garðinum. Til að fá frekari upplýsingar sjá www.fagelvagen.nu og heimasíður bæjarfélaganna: www.skara.se, www.skovde.tc.se og www.falkoping.nu. Við Fågel- udden er hægt að drekka kaffi og borða vöflur, brauð og kökur og njóta útsýnisins og fuglalífsins um leið.



AÐRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

Það er margt að sjá og gera á svæðinu við Hornborgasjön.

Meðal áhugaverðra staða eru klausturkirkjan og klausturrústir í Varnhem, kirkjugarðurinn í Ekornavallens, klausturrústir í Gudhem, Axevallaheiði og brokkvöllur, dómkirkjan í Skara og sumarbústaða- svæði og hásléttur Billinggen og Mösseberg. Þarna er einnig að finna mörg náttúruverndarsvæði. Stöðu- vatnið Östen er áhugavert fuglaskoðunarsvæði. Nærliggjandi bæir eins og Skara, Skövde og Falköping bjóða einnig upp á ýmsar uppá- komur. Frekari upplýsingar er að finna á www.fagelvagen.nu og www.vastsverige.com.



25 Picture Press / Ina Agency

Bleshæna *Fulica atra* er algeng á Hornborgasjön.

Torbjörn Arvidsson / TIOFOTO

▲ Hettumávar *Larus ridibundus*.

Trönur. ▶



Jan Töve

Náttúruvernd á Norðurlöndum



DANMÖRK

Fyrstu lögum um náttúruvernd í Danmörku tóku gildi árið 1917. Síðan þá hafa mörg svæði verið friðlýst, bæði vegna landslags og til að vernda mikilvæga menningararfleifð og bústaði plantna og dýra í Danmörku.

Í dag eru lög um náttúruvernd og skipulagslög mikilvægustu lagabálkarnir til verndar og endurheimtar náttúru og landslags. Með lögum um náttúruvernd er hægt að friðlýsa ný svæði og hindra að fleiri náttúruleg svæði verði tekin undir ræktun. Markmiðið með lögnum er einnig að vernda opið land og sérstök svæði, til dæmis skógarjaðra, stendur og fornminjar og koma í veg fyrir óskipulagða mannvirkjagerð.

Mörg svæði í Danmörku, svo sem grunnsævi, stendur, árfarvegir, heiðar og skógar eru skilgreind sem evrópsk verndarsvæði, Natura 2000, og eru háð alþjóðlegum samningum. Þessi svæði eru sífellt mikilvægari fyrir verndun náttúrunnar í Danmörku.

Á síðustu 15 árum hefur miklu fé verið veitt til að endurheimta raskaða náttúru í Danmörku, sérstaklega ár, vötn og votlendi.

Stærstu og þekktustu verkefni eru í Veststadilfirði og Skjern Enge á Vestur-Jótlandi, en þau verkefni eru styrkt af Evrópusambandinu. Nýju náttúruverndarsvæðin hafa mikið útivistargildi og þar eru búsvæði plantna og dýra, sem annars fer fækkandi í Danmörku.

Í dag er enn verið að endurheimta votlendi í Danmörku, meðal annars til að minnka mengun frá landbúnaði.

Í Danmörku eru ekki þjóðgarðar eins og þekktist annars staðar á Norðurlöndum en danska ríkisstjórnin hefur síðan 2002 rætt um hvort stofna skuli þjóðgarða.



Umhverfisráðuneytið
Skov- og Naturstyrelsen
Haraldsgade 53
2100 København Ø
Danmörk
Sími: +45 3947 2000
www.skovognatur.dk



FINNLAND

Náttúruverndarsvæði stuðla að varðveislu náttúrulegrar fjölbreytni. Í Finnlandi geta náttúruverndarsvæði verið í ríkis- og einkaeign en stærsti hluti þeirra er í ríkiseign. Náttúruverndarsvæðin geta verið þjóðgarðar, friðlönd og önnur náttúruverndarsvæði og eru þau stofnuð á grundvelli laga og tilskipana stjórnvalda. Forststyrelsen er ríkisstofnun sem hefur umsjón og eftirlit með náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum í ríkiseign, hún ber ábyrgð á tegundum sem eru í útrýmingarhættu og stuðlar að verndun náttúrunnar fyrir komandi kynslóðir. Svæðin í umsjón stofnunarinnar búa yfir margskonar möguleikum til útivistar og afþreyingar.

Náttúruverndarsvæði, víðerni og útivistarsvæði í eigu ríkisins mynda kjarna í neti verndarsvæða. Í Lapplandi eru víðerni á landi í eigu ríkisins, samkvæmt lögum um óbyggð svæði, en ríkisrekinn útivistarsvæði eru stofnuð um gjörvallt Finnland á grundvelli laga um útivist. Þessi svæði eru næstum öll hluti af samvinnuverkefni Evrópusambandsins, Natura 2000. Net verndarsvæða í ríkiseign er síðan fullkomnað með náttúruverndarsvæðum í einkaeign. Samningar og samvinna landa á milli stuðla að eflingu náttúruverndar.

Netþjónustan Luontoon.fi veitir upplýsingar um alla þjóðgarða, útivistarsvæði í ríkiseign, norðlæg eyðilendi, gestastofur og aðra þjónustustaði fyrir almenn-ing og eru þær á finnsku, sænsku, samísku og ensku.



METSÄHALLITUS FORSTSTYRELSEN

Forststyrelsen
Luontopalvelut
PL 94
01301 Vanda
Finland
Sími: +358 (0)205 6441 00
luontoon.fi
www.luontoon.fi
www.metsa.fi



NOREGUR

Flest verndarsvæði í Noregi eru friðlönd, þjóðgarðar eða landslagsverndarsvæði. Friðlöndin njóta mestar verndar en eru jafnframt minnst að flatarmáli. Þjóðgarðar eru stofnaðir til að vernda stór svæði sem eru mikilvæg fyrir plöntur og dýr, þannig að líffræðileg fjölbreytni svæðanna skaðist ekki og til að vernda sérstætt landslag. Þessu er öðruvísi farið í mörgum öðrum löndum, til dæmis í Svíþjóð, þar sem stofnuð eru stór og lítil friðlönd í því skyni að vernda náttúruna. Í Noregi eru mörg landslagsverndarsvæði. Þau eru gjarnan stór og með minni gæslu en í þjóðgöörðunum. Þessar þrjár gerðir verndarsvæða eru ýmist í eigu einkaaðila eða ríkisins. Í Noregi er einnig svæði sem eru á heimsminjaskrá UNESCO og svæði sem eru vernduð sem alþjóðlega mikilvæg votlendi, svokölluð Ramsar-svæði.

Þjóðgarðurinn Rondane var stofnaður árið 1962, sá fyrsti í Noregi. Í janúar 2006 eru þjóðgarðarnir 25 og þekja þeir næstum 7% af flatarmáli Noregs. Friðlönd í Noregi eru 1746 en þau þekja hins vegar aðeins um 1% landsins.

Landslagsverndarsvæðin eru 159 talsins og ná yfir um 4,5% landsins. Að auki eru 29 verndarsvæði á Svalbarða, þar af eru sjö þjóðgarðar og sex stór friðlönd. Samtals ná friðlýst svæði yfir um 65% af Svalbarða.

Yfirumsjón með öllum verndarsvæðum í Noregi er á höndum stjórnarskrifstofu náttúruverndar (Direktoratet for naturforvaltning), sjá www.norgesnasjonalparker.no. Flest verndarsvæði í Noregi eru í umsjón fylkisstjóra en sum friðlönd og landslagsverndarsvæði eru í umsjón bæjarfélaga. Öll verndarsvæði í Noregi eru stofnuð af ríkisstjórninni eftir ítarlegan undirbúning.



Direktoratet for naturforvaltning
Tungasletta 2N-7485
Trondheim
Noregi
Sími: +47 73580500
www.dirnat.no
www.norgesnasjonalparker.no



ÍSLAND

Á Íslandi á friðun landsvæða með sérstæða náttúru sér um 75 ára sögu eða frá því að friðun Þjóðgarðsins á Þingvöllum tók gildi með sérlögum árið 1930. Næsta svæði var friðlýst árið 1940 en síðar fjölgaði friðlýstum svæðum verulega í kjölfar laga um náttúruvernd sem voru sett í fyrsta sinn á Íslandi árið 1956. Núna eru tæplega 100 svæði á Íslandi friðlýst, þar af fjórir þjóðgarðar. Flest svæði eru vernduð sem friðlönd vegna lífríkis, jarðmyndana og landslags og einstakar jarðmyndanir sem náttúruvætti. Einnig eru fólkvangar sem friðaðir eru til útivistar og almenningsnota og friðlýst búsvæði. Þrjú svæði eru friðlýst með sérlögum, þar á meðal þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Öll svæðin þjóna mismunandi tilgangi, eftir sérstöðu svæðanna og markmiðum friðlýsinga. Í dag nemur flatarmál friðlýstra svæða um 8,5% landsins.

Árið 1999 voru lög um náttúruvernd endurskoðuð og þá var í fyrsta sinn kveðið á um náttúruverndaráætlun. Umhverfisráðherra skal, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Fyrsta náttúruverndaráætlunin, sem gildir fyrir tímabilið 2004–2008, var samþykkt á Alþingi árið 2004. Samkvæmt henni verður unnið að friðlýsing-

um 14 svæða á landinu á gildistíma áætlunarinnar. Meðal svæðanna eru sum af mikilvægustu fuglasvæðum landsins, svæði sem mikilvæg eru fyrir sjaldgæfar plöntutegundir og jarðfræðilega mikilvæg svæði.

Umhverfisstofnun sér um undirbúning friðlýsinga og þegar samkomulag við réttihafa hefur náðst er málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar.



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík
Ísland
Sími: +354-591-2000
www.ust.is

Umhverfisráðuneytið
Skuggasund 1
IS-150 Reykjavík
Ísland
Sími: +354 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is



SVÍÐJÓÐ

Natura 2000 er verkefni á vegum Evrópusambandsins sem fjallar um svæði í Evrópu sem æskilegt þykir að vernda náttúrunnar vegna. Í Svíþjóð eru tæplega 4.000 svæði sem skilgreind eru sem Natura 2000 svæði, en flatarmál þeirra samsvarar landssvæði sem er 20 sinnum stærra en Gautland. Svæðin eru nær til náttúruperla eins og klettasvæðanna á eyjunni Öland, fjarða í Bohuslén, blómlegra brekkna í Vestur-Gautlandi, gamalla skóga í Tivedens og víðerna Sareksmassivet. Mörg svæði hafa verið valin vegna þess að þau eru lífsnauðsynleg fyrir tegundir sem eru í útrýmingarhættu. Meðal þeirra má nefna eikarskóga í Austur-Gautlandi, þar sem einsetubjallan *osmoderma eremita* lifir, barrskóga Norður-Svíþjóðar þar sem orkídeutegundin *Calypso bulbosa* blómstrar og vatnasef á Skáni þar sem sefþvarinn *Botaurus stellaris* kurrar.

Um 60 prósent af Natura 2000 svæðum Svíþjóðar eru friðlýst sem friðlönd eða þjóðgarðar.

Þjóðgarður er hæsta verndarstigið sem náttúruverndarsvæði getur hlotið. Þjóðgarðar eru sérstæðir hvað varðar landslag sem á að varðveita í sinni náttúrulegu mynd, en þeir búa einnig yfir náttúruferum og einstöku umhverfi sem getur stuðlað að sterki upplifun fólks á náttúrunni. Naturvárdsvæði í Svíþjóð fer með stjórn og rekstur þjóðgarða og gerir tillögur um stofnun nýrra garða. Ákvarðanir um stofnun nýrra þjóðgarða eru teknar á sænska þinginu. Fyrstu níu þjóðgarðar landsins voru stofnaðir árið 1909, en það voru fyrstu þjóðgarðarnir í Evrópu. Algengast er að friðlýsa landsvæði sem friðlönd.

Friðlönd geta verið í einkaeign eða í ríkiseign. Markmið friðlýsinga eru ólík og fara eftir sérstöðu hvers svæðis fyrir sig og þar að leiðandi eru friðlýsingarreglur svæðanna mjög mismunandi. Ávörðun um stofnun verndarsvæðis er tekin af lénsstjórn eða bæjarfélagi viðkomandi svæðis.

Menningarverndarsvæði er verndarflokkur sem notaður er til að vernda menningarlegt landslag.

Í Svíþjóð njóta 11,5 % landsins verndar. Í landinu eru 28 þjóðgarðar og 2.700 friðlönd.

Hægt er að lesa meira um náttúruvernd, útivist og náttúruverndarsvæði á heimasíðu Naturvárdsvæðis, www.naturvardsverket.se, eða á heimasíðum lénsstjórnanna.



Naturvårdsverket
Blekhölmsterrassen 36
SE-106 48 Stockholm
Sími: +46 (0)8 698 10 00
www.naturvardsverket.se



norden

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
www.norden.org

Náttúran er helsta ástæða þess að ferðamenn koma til Norðurlanda.

Náttúra Norðurlanda er fjölbreytt. Danmörk laðar að með víðáttumiklu votlendissvæði við Vadehavet, mikilvægum endurheimtum fuglasvæðum, hafinu og löngum ströndum eyjanna sem klæddar eru sandöldum, klettum og sandströndum. Jöklar, fjöll og firðir eru meðal þeirra náttúrufyrirbæra sem fá ferðamenn til þess að heimsækja Noreg. Hálendið, eldfjöll, goshverir og önnur jarðfræðileg fyrirbæri draga ferðamenn til Íslands. Í Svíþjóð eru það fjöllin, skógarnir og miklar víðáttur sem ferðamenn vilja upplifa og Finnland er þekkt fyrir þúsundir vatna og hið framandi Lappland.

Á Norðurlöndunum eru margir þjóðgarðar og friðlönd. Svæðin eru vernduð til þess að varðveita náttúruna og lífríki hennar en einnig til að almenningur geti upplifað norræna náttúru.

Ritið fjallar um nokkur vinsælustu ferðamannasvæði Norðurlandanna. Öll eru þau vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ritinu er ætlað að vekja áhuga fólks á svæðunum og miðla þekkingu um verðmæti þeirra. Í ritinu er að finna upplýsingar um verndarsvæðin, staðsetningu, einkenni, hvernig hægt er að komast að þeim og hvað þau bjóða upp á. Ritið veitir líka upplýsingar um gistingu, matsölustaði og fleira. Ferðamenn fá þannig ítarlega lýsingu á því svæði sem þeir hyggjast heimsækja.

Sækja má ritið á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar: www.norden.org og dreifa að vild. Á sömu síðu má panta endurgjaldslaust prentaða útgáfu af ritinu.

Þeir sem vilja vita meira um náttúruverndarsvæði á Norðurlöndunum geta heimsótt eftirfarandi heimasíður:

Danmörk: www.skovognatur.dk

Finnland: www.luontoon.fi og www.utinaturen.fi

Ísland: www.ust.is

Noregur: www.dirnat.no

Svíþjóð: www.naturvardsverket.se

ANP 2006:737

ISBN: 92-893-1328-5

Norræna ráðherranefndin er samvinnuverkefni ráðherra og ríkisstjórna Norðurlanda. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, einnig Færeyjar, Grænland og Álandseyjar eru þær þjóðir sem eru í norrænni samvinnu. Á Norðurlöndunum búa 24 milljónir manna og þar eru töluð sjö tungumál.